
FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Hverjar eru heimildir stjórnvalda til vinnslu og
varðveislu gagna samkvæmt persónuverndarlögum
nr. 90/2018

Ritgerð til ML gráðu í lögfræði

Nafn nemanda: Emilía Guðbjörg Rodriguez

Leiðbeinandi: Ari Karlsson

Vorönn – 2019



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis til meistaragraðu

Lokaverkefnið

Hverjar eru heimildir stjórnvalda til vinnslu og varðveislu gagna
samkvæmt persónuverndarlögum nr. 90/2018

eftir

Emilía Guðbjörg Rodríguez

kt. 110376- 5109

hefur verið metið og varið málsvörn
frammi fyrir dómnefnd tveggja dómnefndarmanna
samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst
og hefur hlotið lokaeinkunnina _____ .

Stimpill skólans

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD

Hverjar eru heimildir stjórnvalda til vinnslu og
varðveislu gagna samkvæmt persónuverndarlögum nr.
90/2018

Ritgerð til ML gráðu í lögfræði

Nafn nemanda: Emilía Guðbjörg Rodriguez

Leiðbeinandi: Ari Karlsson

Vorönn – 2019

Stimpill skólans



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hverjar eru heimildir stjórnvalda til vinnslu og varðveislu gagna samkvæmt persónuverndarlögum nr. 90/2018

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til ML-gráðu við Félagsvísinda og lagadeild Háskólans á Bifröst

© 2019 Emilía Guðbjörg Rodríguez

Þetta rit má ei afrita á neinn hátt, nema með skriflegu leyfi höfundar

Útdráttur

Leitast er eftir í ritgerð þessari að skoða heimildir sem stjórnvöld verða að uppfylla svo þeim sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar manna og hversu langt stjórnvöld megi ganga við vinnslu persónuupplýsinga og hvort sú heimild skarast á við stjórnarskrávarinn rétt einstaklings til friðhelgi einkalífs. Mikil upplýsingasöfnun getur myndast hjá stjórnvaldi vegna vinnslu á persónuupplýsingum manna án þess að við gerum okkur grein fyrir hvað verður síðan um þessar upplýsingar í framtíðinni eða hvort gögn séu varðveitt með öruggum hætti eða þeim eytt að vinnslu lokinni. Allt eru þetta upplýsingar sem skipta almenning miklu máli þar flest sem við gerum hvort sem um er að ræða umsókn um þjónustu, vinnu, skóla eða aðstoð hjá hinu opinbera krefst iðulega að veittar séu einhverskonar persónuupplýsingar vegna vinnslu umsóknarinnar.

Við rannsóknina verður notast við hinu lagalegu aðferð sem byggð er á réttarheimildum og lögskýringargögnum með lögum sem og Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga. Einnig verður skoðað verður hvort stjórnvöld fylgi almennt hinu skyldubundnu mati samkvæmt lögum við töku stjórnvaldákvörðunar við úrvinnslu persónuupplýsinga. Því til stuðnings verður lítið til nýlegra úrskurða Persónuverndar er varða heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga manna.

Abstract

An attempt is made in this thesis to examine the authorizations that the government must fulfill in order to work with the personal data and how far the government can go in processing of personal data and whether that authority overlaps with the constitutional right of the individual to privacy. Extensive information can be accumulated by authorities for the processing of personal data without us realizing what the fate of this information will be in the future and whether the data is securely stored or deleted after processing. All of this information is of great importance to the general public, because whether it is an application for service, work, school or government assistance it most often requires the provision of some personal information for the processing of the application.

The study will use the legal method based on legal authority and law clarification and also the Regulation of the European Parliament and Council (EU) 2016/679 of the 27th. of april 2016 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free sharing of such data. It will examine whether the authority conducts the compulsory assessment in accordance with the law when making an administrative decision in processing personal data. Therefore, in support it will consider the recent rulings of the Data Protection Authority regarding the authorizations of the authorities for processing personal data.

Formáli

Lokaritgerð þessi telur til 30 ECTS eininga sem lokaverkefni til ML gráðu í lögfræði við Háskólann á Bifröst. Hún var unnin á vorönn 2019 undir leiðsögn Ara Karlssonar aðjúnkts. Færi ég honum mínu bestu þakkir fyrir góða leiðsögn meðfram skrifum þessarar ritgerðar. Viðfangsefni þessa verkefnis er að skoða hvort takmörkun sé á rétti stjórnvalda til úrvinnslu og varðveislu persónuupplýsinga manna og hvort sú heimild skarast á við stjórnarskrárvarinn rétt einstaklings til friðhelgi einkalífs. Litið verður til þeirra heimilda sem stjórnvöld þurfa að uppfylla þegar unnið er með persónuupplýsinga og hvort stjórnvöld fylgi almennt hinu skyldubundna mati við úrvinnslu persónuupplýsinga.

Bifröst 2. maí 2019

Emilía Guðbjörg Rodriguez

Efnisyfirlit

Útdráttur	ii
Abstract	iii
Formáli	iv
1. Inngangur	1
2. Þróun löggjafar um persónuvernd.....	4
2.1. Innleiðing nýrrar persónuverndarlöggjafar	6
3. Skilgreiningar.....	8
3.1. Reglugerðin.....	8
3.2. Persónuupplýsingar.....	8
3.3. Viðkvæmar persónuupplýsingar	10
3.4. Vinnsla	11
3.5. Skrá	13
3.6. Ábyrgðaraðili	14
3.7. Vinnsluaðili.....	17
3.8. Samþykki skráðs einstaklings	18
3.9. Rafræn vöktun.....	19
3.10. Gerð persónusniðs.....	20
3.11. Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga	22
4. Meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga	24
4.1. Sanngirnisreglan (Lögmætisreglan).....	24
4.2. Tilgangsreglan.....	25
4.3. Meðalhófsreglan	27
4.4. Áreiðanleikareglan	28
4.5. Varðveislureglan	29
4.6. Öryggisreglan.....	30
4.7. Ábyrgðarskylda.....	30
5. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga.....	32
5.1. Almennar heimildir til vinnslu	32
5.1.1. Samþykki	33

5.1.2.	Samningur við hinn skráða	34
5.1.3.	Vinnslan sé nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu	35
5.1.4.	Hagsmunir hins skráða.....	37
5.1.5.	Verk í þágu almannahagsmuna eða beitingu opinbers valds.	38
5.1.6.	Lögmætir hagsmunir	39
6.	Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga	42
6.1.	Afdráttarlaust samþykki til vinnslu.....	42
6.2.	Nauðsyn vinnslu samkvæmt samning.....	43
6.3.	Brýnir hagsmunir hins skráða	44
6.4.	Samtök sem hafa stjórnámálaleg, heimspekileg, trúarleg eða stéttarfélagsleg markmið og starfa ekki í hagnaðarskygni.	45
6.5.	Upplýsingar sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberlegar.	46
6.6.	Stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.	47
6.7.	Vinnsla í þágu almannahagsmuna	49
6.8.	Vinnslan sé nauðsynleg til að fyrirbyggja sjúkdóma.....	50
6.9.	Almannahagsmunir á sviði lýðheilsu.....	50
6.10.	Nauðsyn vinnslu vegna tölfræði-, sagnfræði-, eða vísindarannsókna.	51
7.	Friðhelgi einkalífs	53
7.1.	Þagnarskylda.....	56
8.	Heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga.	58
8.1.	Heimildir í sérlögum	59
8.2.	Aðgangsréttur almennings að upplýsingum hjá stjórnvaldi.....	61
8.2.1.	Upplýsingaréttur almennings	61
8.2.2.	Takmörkun á upplýsingarétti	62
8.2.3.	Birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalds.....	63
8.3.	Birting dómsúrlausna á netinu	65
8.4.	Varðveisla gagna.....	66
9.	Niðurstaða.....	70
10.	Heimildarskrá.....	73

11.	Dómaskrá	76
-----	----------------	----

1. Inngangur

Blákaldur veruleiki framtíðarinnar hefur gjarnan verið dreginn upp í vísindaskáldsögum með þeim hætti að veröldin lúti að stjórn ómanneskjulegra tæknimanna sem eiga enga möguleika til þess að fylgjast með gjörðum allra og allri þeirri vitneskju sem kemur frá vöggum til grafar. Með tækni er þeim kleift að hafa áhrif á hugsanir og gjörðir manna með því að gera sinn vilja að vilja þeirra.¹ Stuttu eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar dró rithöfundurinn George Orwell upp óhugnanlega mynd af framtíðinni í bók sinni *1984*. Bókin var rituð var árið 1949 og fjallar skáldsagan um það sem gerist í framtíðinni, þar hafa stjórnvöld hið alsjáandi auga sem geta fylgst með öllu og stjórnað hugsunum þegna sinna.

Þar segir söguhetjan m.a. í bókinni:

Augun voru stöðugt á þér og röddin hjúpaði þig. Í svefni eða vöku, í starfi eða snæðingi, innan eða utan dyra, í baðinu eða svefnherberginu, hvergi skjól. Ekkert var lengur þitt eigið, að undanteknum fáeinum rúmsentimetrum höfuðkúpunnar.

Sagan var rituð fyrir nær sjötíu árum og nú má sjá þennan blákalda raunveruleika blasa við okkur í dag, þar sem samskipti eru stór þáttur í okkar daglega lífi. Flestar athafnir okkar kalla á persónuupplýsingar sem hefur leitt til þess að slóð okkar er orðin rekjanleg. Vegna þeirrar miklu þróunar sem hefur átt sér stað í tækni- og tölvuvæðingu síðastliðinn áratug hefur upplýsingaflæði aldrei verið meira, sem hefur leitt til þess að flestar okkar athafnir í hinu daglega lífi krefjast aukins aðgangs að okkar eigin persónuupplýsingum, hvort sem okkur er meðvitað eða ómeðvitað hvað verði síðan um þessar upplýsingar.² Þann 15. júlí 2018 tóku í gildi lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (Hér eftir „pvl“ eða „persónuverndarlög“) Með þeim voru ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/679 (Hér eftir „pvr“) lögfest sem leystu af hólmi tilskipun 95/46/EB Evrópuþingsins og ráðsins, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. (Hér eftir „EB tilskipun“)

Nauðsynlegt var að koma á fót nýju regluverki innan Evrópusambandsins vegna þeirrar tækniþróunar sem hefur átt sér stað undanfarinn áratug. Með hinu nýja regluverki er ætlunin að veita einstaklingum aukna vernd við vinnslu persónuupplýsinga og leggja

¹ Kjartan Gunnarsson. (1978). Friðhelgi einkalífs. *Útljótur*, 3. tbl. bls. 224

² Páll Sigurðsson. (2011). *Mannhelgi- Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. bls. 19

auknar skyldur á aðila sem vinna með persónuupplýsingar manna. Með nýju regluverki voru auknar skyldur lagðar á fyrirtæki, opinbera stjórnarsýslu og aðra aðila sem hafa í höndum persónuupplýsingar. Þeim sem vinna með persónuupplýsingar er skylt að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar við vinnslu þeirra. Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við lagaheimild og vera hagað samkvæmt lögum til þess að koma í veg fyrir misnotkun þeirra eða þess að persónuupplýsingar séu unnar án þess að veita hinum skráða allar nauðsynlegar upplýsingar um tilgang vinnslunnar. Réttur til verndar persónuupplýsinga er hluti af réttinum til friðhelgi einkalífs og er rétturinn bæði tryggður í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (Hér eftir, „stj. skrá“ eða „stjórnarskrá“), Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 (hér eftir „MSE“ eða „mannréttindasáttmáli“) og landslögum. Vernd einstaklings til friðhelgi einkalífs eru mikilvæg réttindi því er nauðsynlegt að lög tryggi einstaklingum ákveðna vernd við vinnslu persónuupplýsinga.

Markmið ritgerðar þessarar er að skoða heimildir stjórnvalda til vinnslu og varðveislu gagna samkvæmt persónuverndarlögum og sem jafnframt er rannsóknarspurning þessarar ritgerðar. Til að getað svarað rannsóknarspurningunni verða hin ýmsu lög skoðuð og þær takmarkanir og undanþágur sem þau kunna að geyma og varða rannsóknarefnið og leitast verður eftir því að upplýsa hvar mörkin til friðhelgi einkalífs liggja við vinnslu persónuupplýsinga.

Efnistöð ritgerðar þessarar eru eftirfarandi.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður litið til þróunar persónuverndarlaga og innleiðingu nýju persónuverndarlaganna og hvert markmið þeirra hafi verið frá upphafi. Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður farið yfir skilgreiningar á hinum ýmsu lykilhugtökum sem koma fram í 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga og 4. gr. reglugerð (ESB). Í fjórða kafla ritgerðarinnar er fjallað um meginreglurnar sex sem koma fram í 1. mgr. 8. gr. persónuverndarlaga og 5. gr. reglugerðar (ESB) og með hvaða hætti þær tryggja einstaklingum réttarvernd við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur eru gjarnan nefndar lögmætisreglan, tilgangsreglan, meðalhófsreglan, áreiðanleikareglan, varðveislureglan og svo ábyrgðarskyldan sem er grundvallarregla sem bættist við með reglugerð (ESB). Í fimmta kafla ritgerðarinnar er fjallað um hinar almennu heimildir til vinnslu persónuupplýsinga. Í sjötta kafla ritgerðarinnar er fjallað um heimildir til vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum. Í sjöunda kafla ritgerðarinnar er fjallað um friðhelgi einkalífs og þagnarskylduna. Í áttunda kafla ritgerðarinnar er fjallað um hinar

ýmsu heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga og varðveislu þeirra. Í níunda kafla ritgerðarinnar eru meginniðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman og leitast verður við að draga ályktun af umfjölluninni og svara rannsóknarspurningu ritgerðarinnar.

2. Þróun löggjafar um persónuvernd

Mikil aukning hefur verið á flæði persónuupplýsinga á milli landa, þar á meðal miðlun persónuupplýsinga á milli hins opinbera- og einkaaðila. Samningurinn um evrópska efnahagsvæðið³ (Hér eftir, „EES- samningurinn“) er einn víðamesti alþjóðasamningur sem Ísland hefur gert⁴ hann felur í sér samstarf á milli yfirvalda aðildarríkjanna með þeim hætti að ríkin skiptast á persónuupplýsingum sín á milli svo hægt sé að framfylgja þeim skyldum og verkefnum fyrir hönd yfirvalds í öðru aðildarríki.⁵

Ný viðfangsefni varðandi vernd persónuupplýsinga hafa sprottið upp þar sem hröð þróun hefur verið bæði í tækni- og hnattvæðingu. Hafa því fyrirtæki og opinber yfirvöld í auknum mæli getað nýtt sér persónuupplýsingar í starfsemi sinni. Mikil aukning hefur jafnframt verið á því að einstaklingar geri persónuupplýsingar sínar aðgengilegar öllum, jafnvel á alþjóðavísu vegna þeirrar þróunar sem hefur verið í hinu stafræna hagkerfi. Vegna þessarar þróunar var talin vera aukin þörf á nýju regluverki innan Evrópusambandsins til þess að tryggja öfluga vernd persónuupplýsinga.⁶

Á sjöunda áratugi síðustu aldar hófst tölvuvæðing fyrst fyrir alvöru og þá varð jafnframt ljóst að meginreglur sem leiddar voru af mannréttindaákvæðum stjórnarskráa dygðu ekki til þess að tryggja friðhelgi einkalífs og voru í framhaldinu víða lögfestir sérstakir lagabálkar um slíka vernd einkum á tímabilinu milli 1970 og 1980.⁷ Fyrstu lögín hér á landi sem vörðuðu vernd á friðhelgi einstaklinga voru lög nr. 63/1981 um skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, lögín voru sett með því markmiði að verja einstaklinga gegn skipulagðri skráningu á lífsháttum og högum. Meginmarkmið laganna var að fjalla um meðferð upplýsinga úr tölvum og til að koma í veg fyrir misnotkun slíks efnis.⁸ Sérstök nefnd var skipuð við undirbúning laganna sem kom að undirbúningi að vinnslu nýrrar löggjafar um meðferð efnis í tölvum sem komu að

³ Samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið öðlaðist gildi 1. janúar 1994. með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagsvæðið.

⁴ Vefsíða Stjórnarráðsins. *Handbók Stjórnarráðsins um EES*. slóð:

<https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/utgafa/handbokees.pdf>. Sótt þann: 17.04.2019]

⁵ 5. Formálsliður tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. bls. 1

⁶ Formálsorð reglugerðar (ESB) 2016/679. bls. 2

⁷ Reynir Grétarsson (1997). Meðferð upplýsinga um fjárhagsmálefni. *Útljótur*, 2. tbl. bls. 511

⁸ Athugasemd með greinargerð laga nr. 90/2018 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt þann: 28.03.2019].

einkahögum manna.⁹ Tíðar tækniframfarir leiddu til þess að stöðug þörf var á endurskoðun á reglum um skráningu persónuupplýsinga.¹⁰

Þann 1. janúar 1990 tóku gildi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989 en með þeim var efnislegt gildisvið laganna víkkað og tóku þau til hvers konar vélrænna skráninga persónuupplýsinga og annarra kerfisbundinna skráninga.¹¹ Markmið laganna fólst í því að tryggja að ákvæði laganna myndu fullnægja kröfum nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins 95/46/EB¹² þar sem henni var ætlað að tryggja samræmdar reglur og samræmda persónuvernd í öllum aðildarríkjum ESB.¹³ Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES- samningum varð að aðlaga íslenskan rétt samkvæmt honum sbr. 7. gr. EES- samningsins þar sem kemur fram að samningsaðilum sé skylt að innleiða reglugerðir og tilskipanir í landsrétt.

Þann 1. janúar 2001 tóku í gildi lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (Hér eftir, „pul“) Með þeim var voru ákvæði tilskipunar 95/46/EB innleidd í íslenskan rétt sbr. 7. gr. EES- samningsins. Gildissvið laganna var breytt og það rýmkað að því leyti að persónuverndarlög nr. 77/2000 tækju eftirleiðis til allra persónuupplýsinga en eldri lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga þau tóku aðeins til fjárhagsupplýsinga og þeirra upplýsinga sem sanngjarnt var og eðlilegt að leynt færu.¹⁴

Markmið laganna skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 77/2000 var ætlað að stuðla að því að farið yrði með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Jafnframt áttu lögin að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Marksmiðsákvæðinu var bæði beitt með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og 71. gr. laga nr. 33/1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þegar fjallað var um hvort ríkið hefði gengið á einkalífsrétt þegna sinna og um ágreiningsmál þeirra innbyrðis.¹⁵

⁹ Athugasemdir við frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, þskj. 2. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/103/s/pdf/0002.pdf>. Sótt á vefinn 23.01.2019].

¹⁰ Reynir Grétarsson (1997). Meðferð upplýsinga um fjárhagsmálefni. *Úlfjótur*, 2. tbl. bls. 514

¹¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 35

¹² Reynir Grétarsson (1997). Meðferð upplýsinga um fjárhagsmálefni. *Úlfjótur*, 2. tbl. bls. 514

¹³ Athugasemdir við frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn 17.04.2019]

¹⁴ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 35

¹⁵ Ibid. bls. 40

2.1. Innleiðing nýrrar persónuverndarlöggjafar

Ný heildarlöggjöf um vinnslu persónuupplýsinga var sett á innan Evrópusambandsins með reglugerð (ESB) sem kom til framkvæmda innan aðildarríkja ESB þann 25. maí 2018.¹⁶ Framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögur að breytingu á persónuupplýsingalöggjöf innan sambandsins þann 25. janúar 2012. Fram kom í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 2010 að þörf væri á lagabreytingu innan sambandsins, þar sem hún gæti ekki haldið í við öra tækniþróun og alþjóðavæðingu á sviði vinnslu persónuupplýsinga.¹⁷

Hið nýja regluverk markar tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu.¹⁸ Um er að ræða einar umfangsmestu endurbætur sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins¹⁹ í tvo áratugi.²⁰ Meginmarkmið regluverksins er að auka vernd einstaklinga og færa þeim aukinn ákvörðunarrétt yfir persónuupplýsingum sínum.²¹ Ísland er aðili að EES- samningnum og ber því skylda að taka upp í landsrétt þær reglugerðir og tilskipanir ESB sem teknar hafa verið upp í EES- samninginn.²² Reglugerð (ESB) leysti af hólmi tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, en þó hafa ýmis grunnatriði tilskipunarinnar frá 1995 haldið gildi sínu þar á meðal meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga, réttindi hins skráða og skyldur ábyrgðaraðila.²³

¹⁶ Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:<https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn 21.01.2019].

¹⁷ *A comprehensive approach on personal data in the European Union*, Com/2010/609/Final. bls. 2. slóð: <https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2010:0609:FIN:EN:PDF>. Sótt á vefinn 21.01.2019].

¹⁸ Vefsíða samtaka verslunar og þjónustu. *Undirbúningur vegna nýrrar reglugerðar um persónuvernd*. slóð: <https://svth.is/wp-content/uploads/2018/02/Undirbúningur-vegna-nýrrar-Evrópureglugerðar-um-persónuvernd-gátlisti.pdf>. Sótt á vefinn 21.01.2019].

¹⁹ Vefsíða Stjórnarráðsins. Evrópusambandið (hér eftir, „ESB“) slóð:<https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/11/21/Unnid-ad-upptoku-nyrrar-personuverndarreglugerðar-ESB-og-innleiðingu-i-landsrett/>. Sótt á vefinn 22.01.2019].

²⁰ Vefsíða persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>. Sótt á vefinn 23.01.2019].

²¹ Vefsíða samtaka verslunar og þjónustu. *Undirbúningur vegna nýrrar reglugerðar um persónuvernd*. slóð:<https://svth.is/wp-content/uploads/2018/02/Undirbúningur-vegna-nýrrar-Evrópureglugerðar-um-persónuvernd-gátlisti.pdf>. Sótt á vefinn 21.01.2019].

²² Vefsíða Stjórnarráðsins. *Handbók stjórnarráðsins um EES*. bls. 9 og 34. slóð: <https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/utgafa/handbokees.pdf>. Sótt á vefinn 22.01.2019].

²³ Vefsíða Ísland.is. *Frumvarp til nýrra persónuverndarlaga*. slóð: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=31](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=31). Sótt á vefinn 22.01.2019].

Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi 15. júlí 2018. Með lögnum var reglugerð (ESB) innleidd í íslenskan rétt.²⁴ Reglugerð (ESB) og persónuverndarlögin eru jafn rétt há vegna innleiðingar á reglugerð (ESB) í landslög.²⁵ Hugmyndin að nýrri löggjöf um vinnslu persónuupplýsinga er byggð á þeim grunni að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið um friðhelgi einkalífs og tryggja þurfi bæði gæði og áreiðanleiki slíkra upplýsinga á innri markaði evrópska efnahagsvæðisins.²⁶ Markmið nýrrar löggjafar felur í sér að veita einstaklingum betri vernd og aukinn ákvörðunarrétt yfir persónuupplýsingum sínum með þeim tilgangi að fela einstaklingum stjórn yfir því hver vinnur upplýsingar um þá, hvenær og í hvaða tilgangi. Einstaklingar hafa aukinn rétt með nýrri löggjöf enda var mikil þörf á endurskoðun á löggjöfinni vegna örrar tæknivæðingar.²⁷

²⁴ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/ny-personuverndarloggjof-2018/>. Sótt á vefinn 23.01.2019]

²⁵ Vefsíða persónuverndar. *Fraedsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa*. slóð:<https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Fraedsluefni-fyrir-personuverndarfulltrua-2.-utgafa.pdf>. Sótt á vefinn 22.01.2019].

²⁶ Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn 21.01.2019].

²⁷ Vefsíða samtaka verslunar og þjónustu. *Undirbúningur vegna nýrrar reglugerðar um persónuvernd*. slóð: <https://svth.is/wp-content/uploads/2018/02/Undirbuningur-vegna-nýrrar-Evrópureglugerðar-um-persónuvernd-gatlisti.pdf>. Sótt á vefinn 23.01.2019].

3. Skilgreiningar

Eitt af meginmarkmiðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46/EB²⁸ var að tryggja samræmi á reglum persónuverndar innan aðildarríkja ESB. Tilskipunin festi í sessi mjög rúma skilgreiningu persónuverndarhugtaksins sem tekur til allra upplýsinga sem rekjanlegar eru til einstaklinga. Lagðar voru fram ítarlegri skilgreiningar í tilskipuninni á lykilhugtökum og meginreglum um gæði og vinnslu gagna, lögmæti vinnslu almennra persónuupplýsinga sem og sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Jafnframt kvað tilskipunin á um ítarleg ákvæði um réttindi hins skráða og skyldur á ábyrgðaraðila við vinnslu persónuupplýsinga. Þannig að inn í persónuverndarlög nr. 77/2000 komu skilgreiningar á helstu hugtökum sem stuðst er við samkvæmt persónuverndarlögum og skýr afmörkun á gildisviði þeirra reglna.²⁹

Ekki urðu miklar efnislegar breytingar á hugtökunum með tilkomu nýrra persónuverndarlaga nr. 90/2018 en fjallað verður um megininntak hvers og eins hugtaks og gerð verður grein fyrir helstu breytingum með tilkomu þeirra. Skilgreiningar á hugtökum er að finna í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) en þar er að finna mun fleiri skilgreiningar en þær sem mælt er fyrir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd. Þær skilgreiningar sem verður fjallað um hér á eftir lúta að helstu lykilhugtökum.

3.1. *Reglugerðin*

Hér er átt við hið nýja regluverk Evrópusambandsins, Reglugerð (ESB) 2016/679 sem kom til framkvæmda innan aðildarríkja ESB þann 25. maí 2018.

3.2. *Persónuupplýsingar*

Hugtakið *persónuupplýsingar* er skilgreint í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. pvl. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann með beinum eða óbeinum hætti svo sem með tilvísun í auðkenni hans nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

²⁹ Athugasemd með lögum nr. 90/2018, Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 30.03.2019]

Skilgreiningin er samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB). Hugtakið persónuupplýsingar er kjarni og meginviðfangsefni persónuupplýsingaréttarins. Persónuupplýsingahugtakið nær aðeins til upplýsinga um einstaklinga en tekur ekki til stofnana, fyrirtækja eða lögpersóna.

Með tilkomu nýrrar persónuverndarlöggjafar var tilvísun til látinna manna tekin út úr persónuverndarlögum nr. 77/2000, samkvæmt þeim féllu upplýsingar um látna undir ákvæði laganna ef þær tengdust lifandi einstaklingum svo sem upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Persónuupplýsingar lifandi einstaklinga falla undir 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 og njóta verndartilgang samkvæmt reglunni. Dæmi um fyrrgreint má sjá í *dómi Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003*, en þar féllst Hæstiréttur á að kona hefði vegna friðhelgi einkalífs síns lögvarða hagsmuni af því að dómstólar fjölluðu um sakarefni sem laut að því að koma í veg fyrir að upplýsingar um arfgenga eiginleika föður hennar yrðu fluttar í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Með hinum skráða er átt við einstakling sem upplýsingarnar fjalla um og lýtur kjarni persónuupplýsingahugtaksins að því hvort upplýsingar sé hægt að rekja með beinum eða óbeinum hætti til hins skráða. Meginreglur um persónuvernd persónuupplýsinga taka ekki til upplýsinga sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum með notkun gerviauðkennis, þannig að ekki er unnt að persónugreina hinn skráða, þar sem upplýsingarnar eru orðnar ópersónugreinanlegar.³⁰ Ef persónuupplýsingar eru færðar undir gerviauðkenni en samt sem áður hægt að rekja til einstaklings með notkun viðbótarupplýsinga myndu þessar upplýsingar teljast persónugreinanlegar.³¹ Í eftirfarandi máli má sjá dæmi um þar sem persónuupplýsingar höfðu ekki verið aftengdar persónuauðkennum sínum.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 18. janúar 2011 (2010/1046)

Fjármálaráðuneytið hafði gert könnun á einelti meðal ríkistarfsmanna. Þar hafði þátttakendum könnunarinnar verið sagt að ekki yrði hægt að rekja svör þeirra við umræddri könnun til þeirra. Svörin höfðu hins vegar verið merkt með nöfnum viðkomandi einstaklinga og því hafi verið um persónuupplýsingar að ræða. Fjármálaráðuneytið sem ábyrgðaraðili hafði brotið gegn fyrirmælum laga með því að veita þátttakendum rangar upplýsingar um rekjanleika könnunarinnar.

³⁰ Athugasemd með 3. t. l. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018, Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 04.02.2019]

³¹ 26. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 5

3.3. Viðkvæmar persónuupplýsingar

Hugtakið *viðkvæmar persónuupplýsingar* er skilgreint í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. Þar er talið upp í fimm liðum hvað telst til viðkvæmra persónuupplýsinga. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru persónuupplýsingar sem varða kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð eða lífsskoðun, aðild að stéttarfélagi, heilsufarsupplýsingar, upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð, erfðafræðilegar upplýsingar og lífkennaupplýsingar þ.e. upplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings t.d. andlitsmyndir eða gögn eða um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar til að persónugreina einstaklinginn með einkvæmum hætti.

Viðkvæmar persónuupplýsingar njóta sérstakrar verndar mannfrelsis og grundvallarmannréttinda þar sem vinnsla þeirra getur valdið skerðingu á þessum þáttum og því þarf skýr lagaheimild að liggja fyrir eða verkefni sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.³² Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er háð sérstökum skilyrðum sem koma fram í 11. gr. og 9. gr. pvl og 9. gr. pvrgr. Þessi skilyrði fela meðal annars í sér að vinnsluheimild er háð samþykki hins skráða svo heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar um hann. Ákvæði reglugerðar (ESB) inniheldur greinargóða skýringu á því hvað telst til viðkvæmra persónuupplýsinga og hefur mikla þýðingu við afmörkun á því hvenær sérstök skilyrði þurfa að vera uppfyllt við vinnslu persónuupplýsinga.³³ Slíkt dæmi um skilyrði um samþykki til vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 22. júní 2011 (2011/272)

Þar hafði Persónuvernd borist kvörtun vegna viðkvæmra persónuupplýsinga sem lögreglan hafði sent geðlækni um kvartanda. Málið varðaði umsókn um endurnýjun á skotvopnaleyfi kvartanda. Þar átti lækni að meta hæfni kvartanda til þess að eiga skotvopn og gefa út læknisvottorð í kjölfar matsins. Læknirinn hafði fengið sendar viðkvæmar persónuupplýsingar úr málaskrá lögreglu án þess að samþykki kvartanda hefði legið fyrir sem leiddi til þess að kvartanda var synjað um umrætt leyfi. Þar sagði Persónuvernd að umrædd miðlun lögreglu hefði verið óheimil þar sem upplýsingar í málaskrá lögreglu gætu m.a. verið upplýsingar vegna gruns um refsiverða háttsemi en slíkar upplýsingar teldust til viðkvæmra upplýsinga.

³² 51. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 9

³³ Athugasemd með 3. tl.1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 05.02.2019]

Ákvæði b. liðar. 8. tl. 1. mgr. 2. gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd var fellt út með tilkomu nýrrar reglugerðar (ESB) og nú teljast þær upplýsingar ekki lengur til viðkvæmra persónuupplýsinga sem snúa að því hvort maður hafi verið grunaður, kærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. En hins vegar gilda ákveðnar reglur um vinnslu persónuupplýsinga við meðferð sakamála samkvæmt 12. gr. pvl.³⁴

3.4. *Vinnsla*

Hugtakið *vinnsla* er eitt af lykilhugtökum regluverksins og ber að túlka það rúmt. Skilgreining á vinnslu er tekið beint upp í orðalag 2. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. og er að finna í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. Hugtakið *vinnsla* er skilgreint þannig að það sé aðgerð eða röð aðgerða við vinnslu persónuupplýsinga hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki. Undir vinnslu flokkast m.a. söfnun. Efnislega er um eins skilgreiningu að ræða og kemur fram í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar. Lögin taka einungis til persónuupplýsinga en ekki annarra upplýsinga.³⁵

Vinnsluhugtakið er mjög víðtækt og tekur til hvers kyns meðferðar á persónuupplýsingum. Fleiri tilvik eru talin upp í dæmaskyni í reglugerð (ESB) sem geta fallið undir vinnslu án þess að um tæmandi talningu sé að ræða.³⁶ Út frá persónuverndarsjónarmiðum er töluverður munur á því hvort vinnslan sé rafræn eða handvirk þar sem rafræn tækni býður uppá fleiri vinnslumöguleika. Vinnsla sem er aðeins að hluta rafræn fellur að jöfnu við vinnslu sem er rafræn að öllu leyti.³⁷ Slíkt mátti sjá í eftirfarandi dómi.

Mál C- 101/01, *Bodil Lindqvist*.

Málavextir voru þeir að Bodil sem vann sem leiðbeinandi í kirkju hafði birt upplýsingar á vefsíðu sinni sem áttu að auðvelda þeim sem hún var að leiðbeina í kirkjunni að nálgast þær upplýsingar sem þá kynni að vanta. Vefsíðan innihélt lýsingu á þeim sem hún var að leiðbeina í kirkjunni þar var m.a. vísað í nöfn samstarfsmanna hennar, símanúmer, ásamt upplýsingum um áhugamál og fjölskylduaðstæður. Hún hafði hvorki fengið samþykki né upplýst samstarfsmenn sína um að þessar upplýsingar væru að finna á vefsíðunni. Bodil var dæmd í undirrétti til sektargreiðslu fyrir að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Hún áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar Svíþjóðar sem leitaði álits Evrópudómstólsins. Niðustaða Evrópudómstólsins var sú að birting persónuupplýsinga

³⁴ Athugasemd með 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 05.04.2019]

³⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 149

³⁶ Athugasemd með 4. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 05.04.2019]

³⁷ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 70/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 05.02.2019]

á netinu um fjölda einstaklinga þar sem tekið er fram nöfn, símanúmer og áhugamál viðkomandi félli undir vinnslu persónuupplýsinga sem færu fram að hluta eða heild með rafrænum hætti og færu í bága við sænsk persónuverndarlög.

Við vinnslu persónuupplýsinga verður ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili að huga að því að hvaða marki sé stefnt með vinnslunni og verða báðir aðilar að tryggja að grundvallarmannréttinda sé gætt við vinnslu persónuupplýsinga og gæta þess að vinnslan sé í samræmi við meðalhófsregluna.³⁸

Reglan leggur auknar skyldur á ábyrgðar- og vinnsluaðila við vinnslu sem er ætlað að tryggja skilvirka vernd við vinnsluna.³⁹ Reglugerð (ESB) tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga einstaklings sem snýr að einkahögum hans eða fjölskyldu hans dæmi um það er t.d. átt við færslur skráa með heimilisföng vina og ættingja og færslu dagbóka o.fl. svo framarlega að upplýsingarnar varði einkahagi viðkomandi einstaklings.⁴⁰ Reglugerð (ESB) tekur bæði til ábyrgðaraðila og vinnsluaðila sem eru staðsettir utan EES svæðisins ef vinnsla persónuupplýsinga tengist hinum skráða sem er með staðfestu innan svæðis EES.⁴¹

Mál C- 131/12, *Google Spain SL*.

Málavextir voru þeir að Mario Costeja González sem búsettur var á Spáni vildi láta eyða upplýsingum á netinu um fjarnám sem hafði verið gert hjá honum. Umrætt fjarnám hafði verið birt í auglýsingu fréttamiðils La Vanguardia vegna vanskila hans á greiðslu til almannatrygginga. Þegar umræddur fréttamiðill skannaði blaðasafn sitt yfir í stafrænt form birtust þessar upplýsingar á netinu og urðu aðgengilegar á leitarvélum Google með þeim hætti að þegar nafn kæranda var slegið inn í leitarvél Google birtist alltaf hlekkur á uppboð fasteignarinnar á meðal efstu leitarniðurstaðna. Blaðið varð ekki við beiðni Mario um að fjarlægja umræddar fjárnámsupplýsingar og fór hann fram á það við Google um að umræddur hlekkur tengdur nafni hans yrði fjarlægður úr leitarniðurstöðum. Persónuverndarstofa Spánar úrskurðaði að Google skyldi fjarlægja umræddar upplýsingar um Mario. Málinu var áfrýjað og leitaði Hæstiréttur Spánar í kjölfarið eftir forúrskurði Evrópudómstólsins í málinu. Þar staðfesti Evrópudómstóllinn réttinn til að gleymast og var niðurstaðan sú að Google væri ábyrgðaraðili og því var gert að eyða hlekk á leitarvél Google.

Samkvæmt Evrópudómstólnum þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt svo unnt sé að fjarlægja hlekk á persónuupplýsingar á netinu. Þessi skilyrði eru að upplýsingarnar séu viðkvæmar, ófullnægjandi, óviðeigandi og ekki taldar viðeigandi eða óhóflegar í ljósi þess tilgangs sem upphaflega var stefnt að til með vinnslunni. Þá er einnig skilyrði um

³⁸ 4. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 1

³⁹ 11. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 2

⁴⁰ 18. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 3

⁴¹ 24. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 5

að um persónuupplýsingar séu að ræða og því geta lögaðilar t.d. sveitarfélög ekki borið þennan rétt fyrir sig.⁴²

3.5. *Skrá*

Hugtakið *skrá* er skilgreint í 5. tl. 3. gr. 1. mgr. pvl. Það er skipulagt safn með persónuupplýsingum sem aðgengilegt er með ákveðnum viðmiðunum, hvort sem það er miðlægt, dreift eða skipulagt eftir notkun eða staðsetningu. Samkvæmt skýringu með greininni er átt við gagnasafn eða upptalningu þar sem persónuupplýsingum er komið fyrir með þeim hætti að finna megi upplýsingar um menn.⁴³

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. tekur hún til allra persónuupplýsinga sem varðveittar eru í skráningarkerfi og eru aðgengilegar samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort sem þær eru miðlægar, dreifðar eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu. Með sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga er átt við rafræna eða vélknúna vinnslu⁴⁴ og tekur vernd persónuupplýsinga bæði til sjálfvirkrar jafnt sem handvirkrar vinnslu persónuupplýsinga sem sagt ef þær eru varðveittar í skráningarkerfi eða ef ráðgert er að varðveita þær með slíkum hætti.⁴⁵

Í athugasemd með ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000, er kveðið á að lögin taki ekki til handvirkrar vinnslu persónuupplýsinga sem hvorki eru né eiga að vera hluti að skrá.⁴⁶ Ákvæðið er samhljóma 1. mgr. 2. gr. pvrgr. og samkvæmt henni tekur gildissviðið til sjálfvirkrar vinnslu að hluta eða heild og til vinnslu sem er með öðrum aðferðum en sjálfvirkum persónuupplýsingum sem eiga að vera hluti að skrá. Með tilkomu nýrrar reglugerðar (ESB) var tekið upp hugtakið *sjálfvirk* í stað *rafræn* eins og var í eldri persónuverndarlögum nr. 77/2000, en efnislega hefur þýðing hugtakanna sömu merkingu.⁴⁷

⁴² Vefsíða Fjölmiðlanefndar. *Rétturinn til að gleymast*. bls. 3 slóð: <http://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2015/02/Rétturinn-til-að-gleymast-net.pdf>. Sótt á vefinn: 01.04.2019]

⁴³ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 05.04.2019]

⁴⁴ Ibid.

⁴⁵ 15. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 3

⁴⁶ Athugasemd með 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þskj. 399, 280 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 05.02.2019]

⁴⁷ Athugasemd með 4. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 05.02.2019]

3.6. Ábyrgðaraðili

Hugtakið er *Ábyrgðaraðili* samhljóða fyrri málslíð skilgreiningar 7. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. og er að finna í 6. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. Ábyrgðaraðili getur verið einstaklingur, lögaðili, stjórnvald, eða annar en sá sem ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga og er jafnframt sá sem tekur ákvörðun varðandi tilgang vinnslu, hvaða aðferð er stuðst við sem og hvaða hugbúnað skuli nota ásamt annarri ráðstöfun á upplýsingum. Þó að ábyrgðaraðili feli vinnsluáðila að annast meðferð vinnslunnar þá ber ábyrgðaraðilinn alltaf ábyrgð á henni⁴⁸ svo framarlega sem hann fer með ákvörðunarvaldið.⁴⁹

Auknar skyldur voru lagðar á ábyrgðaraðila með reglugerð (ESB) en að auki voru lögfest ný ákvæði varðandi öryggiskröfur við vinnslu persónuupplýsinga.⁵⁰ Ábyrgðaraðili verður að hafa aðildarhæfi að lögum til þess að geta uppfyllt skyldur sínar sem ábyrgðaraðili.⁵¹ Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála njóta aðilar aðildarhæfis ef þeir geta átt réttindi eða borið skyldur samkvæmt landslögum. Ábyrgðaraðili verður að gera viðeigandi tækni- og skipulagslegar ráðstafanir sem eiga að taka mið af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar ásamt því að meta hvort hættu sé á skerðingu á réttindum og frelsi einstaklings. Ábyrgðaraðili verður jafnframt að tryggja og geta sýnt fram á að vinnslan standist allar þær lagalegu skyldur sem reglugerð (ESB) kveður á um.⁵²

Vinnsla og tilgangur persónuupplýsinga geta verið skilgreind í sérlögum þar sem afmarkað er með nánari hætti hvað megi gera við upplýsingarnar.⁵³ Áður en vinnsla hefst verður ábyrgðaraðili jafnframt að tryggja að vinnslan sé heimil samkvæmt 9. gr. og 11. gr. persónuverndarlaga.⁵⁴ Ábyrgðaraðilinn verður að sýna fram á að vinnslan sé í samræmi við meginreglur 8. gr. persónuverndarlaga um lögmæti, tilgang, meðalhóf,

⁴⁸ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.02.2019]

⁴⁹ Athugasemd með 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 70/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 06.04.2019]

⁵⁰ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.02.2019]

⁵¹ Ibid.

⁵² Athugasemd með 23. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.02.2019]

⁵³ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.02.2019]

⁵⁴ Páll Hreinsson (2007). *Rafræn vinnsla Persónuupplýsinga*. bls. 14

áreiðanleika og varðveislu persónuupplýsinga.⁵⁵ Annars getur ábyrgðaraðili þurft að bera ábyrgð á því tjóni sem hinn skráði verður fyrir vegna ólögætrar vinnslu.⁵⁶ Seinni málsliður skilgreiningar 7. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. tilgreinir að ef tilgangur og aðferðir við slíka vinnslu fari eftir lögum sambandsins eða lögum aðildarríkis, þá sé heimilt að tilnefna beint í stöðu ábyrgðaraðila eða gera sérstakar viðmiðanir fyrir tilnefningu hans.

Þegar vinnsla persónuupplýsinga er ákveðin í persónuverndarlögum eða í reglugerð kemur oftast fram um hver ábyrgðaraðili vinnslunnar sé eða einstakra þátta hennar.⁵⁷ Dæmi þessa er kveðið á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar mennta- og menningarmálaráðuneytis nr. 235/2012, þar sem fram kemur að:

Hver framhaldskóli er ábyrgðaraðili í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skólameistari ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að skólinn uppfylli lagareglur um kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 13. mars 2014 (2013/1192) Þar var niðurstaða Persónuverndar að ákvæði laga nr. 92/2008 um framhaldskóla, innihéldi ekki heimild til vinnslu persónuupplýsinga nemenda um annað en námsmat og vitnisburð nemenda í umsögnum á prófskírteini þeirra.

Í ákvæði 12. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár er kveðið á um að ábyrgðaraðili sjúkraskrár sé heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Þá er kveðið á um í ákvæðinu að hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðismanna, tveggja eða fleiri verið sameinuð teljist sá vera ábyrgðaraðili sem hlutaðeigandi hafi komið sér saman um. Dæmi um slíkt má sjá í eftirfarandi ákvörðun Persónuverndar.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 17. september 2014 (2014/952) Málið varðaði endurupptöku kvartanda í *úrskurði stjórnar Persónuverndar 5. júní 2012 (2012/193)*

Þar hafði sjúklingur kvartað yfir aðgangi starfsmanns að sjúkraskrá hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Starfsmaðurinn hafði flett upp í sjúkraskrá sjúklingsins til þess að afla upplýsinga í eigin þágu en ekki vegna læknismeðferðar hans. Í málinu reyndi á hvort starfsmaðurinn væri ábyrgur fyrir vinnslunni eða lögaðilinn sem hann starfaði hjá. Persónuvernd leit svo á, með vísan til ákvæðis 12. tl. 3. gr. laga nr. 55/2009, að Heilbrigðisstofnun Austurlands hefði verið ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu sem kvörtun laut að en ekki starfsmaðurinn sem hafði flett upp í sjúkraskrá kvartanda. Einnig segir í niðurstöðu Persónuverndar að þótt starfsmenn heilbrigðisstofnunarinnar kynnu að nota

⁵⁵ Athugasemd með 1. mgr. 23. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.02.2019]

⁵⁶ 146. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 25

⁵⁷ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 89

upplýsingarnar í eigin þágu og gætu þurft að svara fyrir það breyti það ekki stöðu stofnunarinnar gagnvart hinum skráða.

Söfnun persónuupplýsinga og vinnsla þeirra getur einnig tengst lögbundnu hlutverki aðila, þegar stjórnvöld afla upplýsinga í tengslum við stjórnvaldseftirlit. Þá byggist ákvörðunarvaldið samkvæmt því markmiði sem stjórnvaldið gegnir samkvæmt lögum og reglugerð og þeirri nauðsyn til þess að afla upplýsinga í því skyni.⁵⁸ Vinnumálastofnun er dæmi um stjórnvald sem fer með ákvörðunarvald um vinnslu á grundvelli lögbundins hlutverks og um stofnunina gilda lög nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og lög nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir. Dæmi um lögbundið hlutverk stjórnvalds má sjá í eftirfarandi máli.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 16. desember 2009 (2009/635)

Vinnumálastofnun hafði rekið IP- tölu bótaþega til þess að ganga úr skugga um hvort hann væri í virkri atvinnuleit. Sú skylda hvílir á Vinnumálastofnun að ganga úr skugga um að bótaþegar uppfylli skilyrði laganna um virka atvinnuleit. sbr. a. lið. 1 mgr. 13. gr. og 14. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Persónuvernd tók fram í niðurstöðu sinni að Vinnumálastofnun þyrfti vitneskju um ferðir manna svo hún gæti rækt lögboðið hlutverk sitt svo hún gæti beitt því opinbera valdi sem henni væri falið. Persónuvernd taldi að vinnsla slíkra upplýsinga hefði verið í samræmi við skilyrði 6. tl. 1. mgr. 8. gr. persónuverndarlaga nr. 77/2000.

Með nýju regluverki voru lagðar auknar skyldur á ábyrgðaraðila sem fela í sér að ábyrgðaraðili verður að tryggja viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til þess að vinnslan standist kröfur reglugerðar (ESB) ásamt því að tryggja réttindi hins skráða. Ábyrgðaraðili verður því að taka mið af því að aðeins sé unnið með þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna tilgangs vinnslunnar.⁵⁹ Ábyrgðaraðili verður að halda skrá yfir vinnsluna sem hann ber ábyrgð á og varðveita þær upplýsingar sem taldar eru upp í 30. gr. reglugerðar (ESB). Ef öryggisbrestur á sér stað við vinnslu ábyrgðaraðila sú skylda að tilkynna brestinn til persónuverndar innan við 72 klst. eftir að hann verður brestsins var skv. 2. mgr. 27. gr. persónuverndarlaga.

⁵⁸ Article 29 Working Party opinion 1/2010, on the concept of *controller and processor*. bls. 10. slóð: https://ec.europa.eu/justice/article-29/documentation/opinion-recommendation/files/2010/wp169_en.pdf. Sótt þann 07.02.2019]

⁵⁹ Athugasemd með 1. mgr. 25. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 09.02.2019]

3.7. *Vinnsluaðili*

Hugtakið *vinnsluaðili* er að finna í 7. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. þar sem segir að vinnsluaðili geti verið einstaklingar, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila. Ákvæðið er óbreytt frá fyrri lögum og er samhljóða skilgreiningunni í 8. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. Vinnsluaðili er sá sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.⁶⁰ Hann getur ýmist verið sá aðili sem sér um þróun upplýsingakerfis eða sér um viðhald á hugbúnaði eða hýsingu gagna ásamt því að hafa ýmiskonar aðgang að alls kyns persónuupplýsingum í sínu daglega starfi.⁶¹

Vinnsluaðili starfar eftir umboði ábyrgðaraðila og verður hann að hafa skriflega heimild ábyrgðaraðila ef einhverjar fyrirhugaðar breytingar eru á vinnslu. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili verða að gera með sér skriflegan vinnslusamning þar sem kveðið er á með skýrum hætti um viðfangsefni, tímalengd vinnslu, eðli og tegund persónuupplýsinga, flokka, ásamt skyldum og réttindum ábyrgðaraðilans. Ef vinnsluaðili brýtur í bága við ákvæði reglugerðar (ESB) við ákvörðun tilgangs og aðferðar við vinnslu telst hann vera ábyrgðaraðili varðandi þá vinnslu og gæti þurft að sæta bótaábyrgð og viðurlögum.⁶²

Ef öryggisbrestur verður á vinnslu persónuupplýsinga verður vinnsluaðili tafarlaust að tilkynna brestinn til ábyrgðaraðila.⁶³ Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á verki vinnsluaðila svo framarlega að hann hafi gefið fyrirskipun um verklag vinnslunnar þá með hvaða hætti vinnslan eigi að fara fram, en ef vinnsluaðili fer út fyrir verksvið sitt samkvæmt vinnslusamningi, þá getur hann bakað sér bótaskyldu eða sætt refsíábyrgð.⁶⁴

⁶⁰ Athugasemd með 7. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 07.02.2019]

⁶¹ Athugasemd með 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 07.02.2019]

⁶² Athugasemd með 1. mgr. 25. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 07.02.2019]

⁶³ Athugasemd með 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 07.02.2019]

⁶⁴ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 89

3.8. *Samþykki skráðs einstaklings*

Hugtakið *samþykki* er skilgreint svo í 8. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl.⁶⁵ að það sé óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða um að hann samþykki með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu vinnslu persónuupplýsinga um sig. Með nýju persónuverndarlögunum er gerð mun strangari krafa um að hinn skráði verði að veita ótvírætt og afdráttarlaust samþykki sitt svo heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar um hann. Viljayfirlýsing hins skráða verður að vera ótvíræð og verður að koma fram í yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu hans. Yfirlýsing hins skráða felur í sér fyrst og fremst að hann sé samþykkur vinnslu ákveðinna upplýsinga um sig og honum sé ljóst um hver tilgangur vinnslunnar er og með hvaða hætti hún er unnin og hvernig persónuvernd hans verði tryggð ásamt heimild hans til þess að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er til vinnslu persónuupplýsinga um sig⁶⁶ sem kemur í veg fyrir frekari vinnslu persónuupplýsinga.⁶⁷

Ríkari krafa er gerð til ótvíræðs samþykkis eftir því sem persónuupplýsingar eru viðkvæmari. Með því að herða skilyrði ákvæðisins er ætlað að auka vernd einstaklingsins fyrir því að hann hafi gefið samþykki sitt. Þögn telst hins vegar ekki vera samþykki þar sem samþykkið verður að vera upplýst þannig að hinn skráði viti hvað hann sé að samþykkja og viti hvaða afleiðingar vinnslan hafi eða geti haft fyrir hann. Samþykki hins skráða verður að vera persónubundið sem felur í sér að enginn getur gefið samþykki fyrir hönd hins skráða nema að hann veiti umboð umboð til slíks. Þegar um ólögráða einstakling er að ræða þá telst vinnslan aðeins lögmæt að því marki sem forsjáraðili gefur heimild fyrir samþykki.⁶⁸ Sjá eftirfarandi mál þar sem ekki hafði legið fyrir samþykki.

⁶⁵ Ákvæðið er samhljóða 11. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr.

⁶⁶ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>: Sótt á vefinn: 09.02.2019]

⁶⁷ Vefsíða: Evrópustofnun grundvallarmannréttinda. *Handbook on European data protection law*. (2018). bls. 153, slóð: <https://fra.europa.eu/en/publication/2018/handbook-european-data-protection-law>. Sótt á vefinn. 09.02.2019]

⁶⁸ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html> Sótt á vefinn: 09.02.2019]

Málið varðaði kvörtun konu vegna vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum um hana hjá Vinnumálastofnun. Þar hafði verið lagður fyrir hana spurningarlisti sem innihélt m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar. Konan hafði fyllt út listann en ekki gefið út samþykkisyfirlýsingu til vinnslunnar. Persónuvernd tók m.a. fram í niðurstöðu sinni að Vinnumálastofnun væri stjórnvald og væri bundin af lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins, ekki hafði verið vísað til þess að umrædd vinnsla hefði stoð í lagaheimild heldur hafði heimild til umræddrar vinnslu verið byggð á samþykki. Slík viljalýsing hafði hins vegar ekki verið veitt af konunni.

Almennt er það einungis hinn skráði sem sem gefur samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem varða hann sjálfan.⁶⁹ Þrátt fyrir meginregluna um persónubundið samþykki, þá geta aðrir en hinn skráði gefið samþykki til vinnslu persónuupplýsinga en til þess þarf skýra lagaheimild.⁷⁰

3.9. Rafræn vöktun

Hugtakið *rafræn vöktun* kemur fram í 9. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. og er byggt á sömu skilgreiningu og kemur fram í 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Rafræn vöktun felur í sér vöktun á einstaklingum sem er viðvarandi eða sí endurtekin vöktun með reglulegu millibili með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Rafræn vöktun tekur bæði til sjónvarpsvöktunar og annarrar rafrænnar vöktunar. Samkvæmt hugtakinu tekur það til vöktunar sem á að leiða til eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið tekur til allra rafrænna upptaka hvort sem þær eru í mynd eða hljóði og hvort sem þær séu varðveittar á stafrænu formi eða ekki. Hugtakið nær þó hinsvegar ekki til myndar og hljóðs sem sem flutt er í hátalara eða á skjá og sem ekki er ætlað til varðveislu. Reglugerð (ESB) inniheldur ekki sérstök ákvæði um sjónvarpsvöktun en slík vöktun fellur hins vegar undir gildisvið hennar ef hún telst til rafrænnar meðferðar persónuupplýsinga.⁷¹

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 46/2003 um breytingu á lögum um Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með síðari breytingum var útskýrður munur á sjónvarpsvöktun og annarri rafrænni vöktun. Í athugasemdum er tekið dæmi um að ef linsu vefmyndavélar er birt beint á vefsíðu án

⁶⁹ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfliótur*, 1. tbl. bls. 200

⁷⁰ Ibid. bls. 201

⁷¹ Athugasemd með 9. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 10.02.2019]

Þess að myndefninu sé safnað saman teljist það vera sjónvarpsvöktun. Ef myndefni er hinsvegar halað niður á geymslumiðil t.d. á tölvudisk myndi það teljast til persónuupplýsinga. Þó verði að meta hvert tilvik fyrir sig og hvort hægt sé að bera kennsl á þá sem koma fram á myndefninu. Vinnslan verður að vera rafræn eða unnin með handvirkum hætti í skráningarkerfi svo hún falli undir lög. ⁷² Rafræn vöktun samkvæmt skilgreiningu persónuverndarlaganna felur í sér vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega. ⁷³ Dæmi um rafræna vöktun má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 18. september 2013 (2013/339)

Málavextir voru þeir að Fiskistofa hafði sett upp leynilega eftirlitsmyndavél til þess að fylgjast með hvort allur afli tiltekna skips væri fluttur á hafnarvog þar sem grunur hafði verið á því að þetta tiltekna skip væri að landa hluta af afla sínum fram hjá hafnarvoginni. Upptökur höfðu farið fram fjórum sinnum á tveggja mánaða tímabili. Þar taldi Persónuvernd að upptökurnar hefðu farið reglulega fram með reglulegu millibili og því hefði verið um rafræna vöktun að ræða samkvæmt persónuverndarlögum.

Takmörkun er að finna á gildisviði laganna í 6. gr. persónuverndarlaga. Þar segir að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista og bókmennta. Það sé heimilt að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annarsvegar og tjáningarfrelsis hinsvegar.

3.10. Gerð persónusniðs

Hugtakið *gerð persónusniðs* tekur til allra til helstu hugtaka í 1. mgr. 4. gr. pvrgr. og kemur fram í 10. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. Hugtakið felur í sér sjálfvirka vinnslu með því markmiði að nota persónuupplýsingar til þess að meta eða greina ákveðna þætti sem snerta ákveðna hagi einstaklings sem tengjast starfi, áhugamáli, fjárhag, heilsu, hegðun, staðsetningu og fl. Skilgreiningin kemur fram í 4. tl. 1. mgr. 4. gr. pvrgr. Þar eru nefndir þrjú grundvallarþættir sem þarf að uppfylla, sem eru í fyrsta lagi sjálfvirk vinnsla, í öðru lagi að um vinnslu persónuupplýsinga sé að ræða og í þriðja lagi að verið sé að leggja mat á persónuþætti einstaklings. ⁷⁴

Skilgreiningunni er ætlað að taka til hverskyns sjálfvirkrar vinnslu persónuupplýsinga sem ætlað er að meta ákveðna þætti sem varða hagi einstaklings með því að greina eða áætla fyrir um ákveðna þætti sem snerta hagi einstaklings. Hugtakið tekur til þeirra upplýsinga sem varða það markmið að finna hóp sem fellur undir sameiginlegt mynstur

⁷² Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 108

⁷³ Katrín Þórðardóttir (2014). *Myndvöktun. Útljótur*, 2. tbl. bls. 260

⁷⁴ Álit 29. gr. starfshóps. *Guidelines on Automated individual decision-making and profiling* bls. 6, slóð: https://ec.europa.eu/newsroom/article29/item-detail.cfm?item_id=612053. Sótt á vefinn: 10.02.2019]

t.d. sameiginlegan lífstíl sem snýr að hátterni, smekk, þörfum, hæfileikum og fl. Til slíkra upplýsinga gætu t.d. talist rafræn spor og regluleg söfnun persónuupplýsinga í kerfi greiðslumiðlunar og rafræn netþjónusta og fl. Persónusnið getur myndast út frá ýmiskonar upplýsingum sem koma fram á samfélagsmiðlum t.d. Facebook.⁷⁵

Við ákvörðun á því hvort vinnslustarfsemi gæti verið vöktun á hegðun hins skráða verður að ganga úr skugga hvort slóð einstaklings sé rakin á netinu sem gæti falist í gerð persónusnið einstaklings þar sem hægt er að greina og spá fyrir um persónulega þætti einstaklings.⁷⁶

Sem dæmi um ólöglega upplýsingaöflun má vísa til upplýsingasöfnunar hjá Google þar sem upplýsingaöflunin hafði ekki verið í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins og krafðist franska persónuverndarfyrirtækið CNIL í kjölfarið breytinga hjá Google. Nánar tiltekið hafði Google ákveðið að sameina um 60 aðskildum friðhelgisskilmálum yfir í einn skilmála sem notendur þurftu að samþykkja. Þessi breyting á samþykkisskilmála Google gerði þeim kleift að safna saman gögnum um notendur allra þeirra miðla sem voru í eigu Google, þ.e. Youtube, Google + og Gmail. Markmið þessarar söfnunar var að þrengja markhópinn og beina sérsniðnum auglýsingum að notendum miðað við markhóp þeirra. Franska persónuverndarráðið CNIL beindi þeim tilmælum til Google að upplýsa um þau gögn sem safnað væri um notendur miðlanna og hver tilgangur söfnunarinnar væri. Þeim tilmælum var beint að Google að þeir þyrftu að upplýsa notendur um hverskonar gögnum væri verið að safna um þá og veita þeim meiri ákvörðunarrett. Ef Google færi ekki að ráðum CNIL kæmi til málaferla.⁷⁷

Með notkun samfélagsmiðla, snjallforrita og leitarvéla á netinu erum við að heimila fyrirtækjum að safna okkar eigin persónuupplýsingum. Þessar upplýsingar eru svo greindar og niðurstöðurnar notaðar til að veita auglýsendum möguleika á að sérsníða markaðssetningu sína með beinum hætti að þörfum viðskiptavinarins en út á þetta ganga viðskiptamódel Facebook og Google.⁷⁸ Í ákvæði 2. tl. 21. gr. reglugerðar (ESB) er kveðið á um rétt hins skráða til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga ef vinnslan er unnin í þágu beinnar markaðssetningar og getur hann andmælt slíkri vinnslu hvenær

⁷⁵ Athugasemd með 10. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 10.02.2019]

⁷⁶ 24. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 5

⁷⁷ Vefsíða Morgunblaðsins slóð: https://www.mbl.is/frettir/taekni/2012/10/16/esb_krefst_breytinga_hja_google/. sótt á vefinn 10.02.2019].

⁷⁸ Vefsíða Morgunblaðsins slóð: https://www.mbl.is/frettir/taekni/2012/10/16/esb_krefst_breytinga_hja_google/. Sótt á vefinn 11.02.2019].

sem er í vinnsluferlinu. Þá verður að upplýsa hinn skráða sérstaklega um þennan rétt sinn.⁷⁹

Ákvarðanataka sem er byggð á vinnslu persónusniðs er leyfileg samkvæmt sérstakri heimild innlendra laga eða lögum sambandsins sem ábyrgðaraðili fellur undir, ef vinnslunni er ætlaður sá tilgangur að fylgjast með eða koma í veg fyrir svindl og skattsvik í samræmi við tilmæli eða reglur sambandsins. Slík vinnsla verður að fela í sér ákveðna verndarráðstöfun gagnvart hinum skráða sem felst í að upplýsa hann um rétt sinn til mannlegrar íhlutunar ásamt rétti hans til þess að láta í ljós skoðun sína og fá útskýringar á þeirri ákvörðun sem tekin er að loknu mati og þeim rétti til þess að vefengja þá ákvörðun.⁸⁰

3.11. Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga

Hugtakið *öryggisbrestur* er lykilhugtak sem kemur fram í 12. tl. 1. mgr. 4. gr. pvgr. og í 11. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. Hugtakið mælir fyrir um brest á öryggi sem getur leitt til óviljandi eða ólögmastrar eyðingar á persónuupplýsingum eða jafnvel glötun þeirra, óheimillar birtingar þeirra eða ef aðgangur er veittur að þeim í leyfisleysi. Fjallað er um þrjár tegundir öryggisbrota s.e.

1. Öryggisbrot sem felur í sér brot á trúnaði, óheimila miðlun eða miðlun fyrir mistök á persónuupplýsingum eða óheimilan aðgang að þeim.
2. Öryggisbrot sem leiðir til þess að upplýsingar verða óaðgengilegar, tap á aðgengi að persónuupplýsingum eða eyðilegging þeirra fyrir mistök eða án heimildar.
3. Öryggisbrot sem felur í sér breytingu á persónuupplýsingum, breyting á persónuupplýsingum fyrir mistök eða án heimildar.

Hugtakið hefur mikla þýðingu við eftirlit á framkvæmd reglugerðar (ESB) og hefur sérstakar afleiðingar hvað varðar tilkynningarskyldu ábyrgðaraðila þegar öryggisbrot á sér stað.⁸¹ Mikilvægt er að bregðast skjótt við ef öryggisbrot verður á vinnslu persónuupplýsinga til þess að takmarka tjón hins skráða sem getur m.a. falist í skaða á orðstír eða glötun trúnaðar á persónuupplýsingar sem eiga að njóta verndar samkvæmt þagnarskyldu og fl. Af þeim sökum verður ábyrgðaraðili að bregðast skjótt við ef hann verður áskynja að öryggisbrot hafi orðið og gera viðeigandi ráðstafanir.⁸²

⁷⁹ 70. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 13

⁸⁰ 71. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 13

⁸¹ Athugasemd með 12. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 11.02.2019]

⁸² 85. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 16

Þessar ráðstafanir fela m.a. í sér tilkynningarskyldu til Persónuverndar innan 72 klukkustunda eftir að hann verður brotsins var nema að ólíklegt þyki að bresturinn leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Ef ábyrgðaraðili sinnir ekki tilkynningarskyldu til Persónuverndar þrátt fyrir að uppfylla skilyrði 33. gr. og 34. gr. pvrgr. þá getur Persónuvernd tekið þá ákvörðun um að beita þeim valdheimildum stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) þá annað hvort með álagningu stjórnvaldssektar eða að grípa til annarra ráðstafana til úrbóta.⁸³ Ábyrgðaraðili ber skyldu til þess að hafa virka verkferla svo hægt sé að koma í veg fyrir og takast á við þau öryggisbrot sem gætu komið upp og jafnframt við tilkynningu öryggisbrots sem er nauðsynlegur hluti af tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum sem honum er skylt að framkvæma skv. 32. gr. pvrgr.

Í ákvæði 34. gr. pvrgr. koma fram þær skyldur sem ábyrgðaraðili verður að uppfylla gagnvart hinum skráða ef öryggisbrot á sér stað. Ábyrgðaraðili verður að tilkynna hinum skráða án tafar ef öryggisbrot verður við meðferð persónuupplýsinga sem gæti valdið honum skaða. Í tilkynningu verður að koma fram hvers eðlis öryggisbrotið er og hvers konar úrræðum er fyrirhugað að beita. Ekki er þörf að gera hinum skráða viðvart ef ábyrgðaraðili hefur gert tæknilegar og skipulagslegar verndarráðstafanir þá með dulkóðun þannig að upplýsingarnar séu ólæsilegar fyrir þá sem hafa ekki aðgangsheimild að þeim.⁸⁴ Slíkt má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 3. nóvember 2015 (2015/241)

Persónuvernd hafði borist kvörtun vegna skoðunar Hafnarfjarðarbæjar á farsímanotkun ákveðinna starfsmanna bæjarins. Hafnarfjarðarbær hafði óskað eftir upplýsingum frá Vodafone um ákveðnar símhringingar yfir ákveðið tímabil úr símanúmerum sem voru skráð hjá bænum vegna hugsanlegs öryggisatviks á aðalskrifstofum bæjarins sem hafði gefið bæjarstjóra tilefni til að óska eftir nánari rannsókn. Hafnarfjarðarbær taldi að nauðsynlegt hefði verið að afla upplýsinganna vegna rannsóknar í máli sem hefði getað varðað alvarlega vankanta í öryggiskerfi bæjarins. Að mati Persónuverndar hafði Hafnarfjarðarbær lögmeða hagsmuni að kanna hvort öryggisbrot hefði átt sér stað.

⁸³ Vefsíða Persónuverndar. *Leiðbeiningar um öryggisbrot*. bls. 3 slóð: https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Leiðbeiningar-um-oryggisbrot_16.2.2018_3.pdf. Sótt á vefinn 11.02.2019]

⁸⁴ 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 49

4. Meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga

Meginreglurnar sex sem gjarnan eru nefndar *gullnu reglurnar* eru taldar upp í 1. mgr. 8. gr. pvl. og er þeim ætlað að tryggja réttarvernd einstaklinga þegar unnið er með upplýsingar um þá. Meginreglurnar er einnig að finna í 5. gr. reglugerðar (ESB). Þessar er reglur eru nefndar lögmætisreglan, tilgangsreglan, meðalhófsreglan, áreiðanleikareglan, varðveislureglan, öryggisreglan og ábyrgðarskyldan. Tvær síðustu grundvallarreglurnar bættust við með hinni nýju persónuverndarreglugerð.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. pvl. er það ábyrgðaraðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr. 8. gr. pvl. og verður ábyrgðaraðili jafnframt að geta sýnt fram á það.

4.1. *Sanngirnireglan (Lögmætisreglan)*

Sanngirniregluna er að finna í ákvæði 1. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. og í a. lið. 1. mgr. 5. gr. pvrgr. Sanngirnireglan mælir fyrir að persónuupplýsingar skulu vera unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða. Með tilkomu nýrra persónuverndarlaga tók orðalag reglunnar örlitlum breytingum miðað við framsetningu hennar í persónuverndarlögum nr. 77/2000. Ný viðbót bættist við regluna sem mælir fyrir að vinna eigi upplýsingar með gagnsæjum hætti, sem undirstrikar aukna áherslu á gagnsæi samkvæmt persónuverndarreglugerðinni.

Meginreglan um gagnsæi lýtur fyrst og fremst að réttindum einstaklings til upplýsinga og aðgangs þegar unnið er með persónuupplýsinga um hann. Vinnslan verður að vera aðgengileg, auðskiljanleg og á skýru og einföldu máli. Meginreglan tekur aðeins til skráðs einstaklings en ábyrgðaraðili verður að sýna fram á hver tilgangur sé með vinnslunni og tryggja að hinn skráði hafi fengið fullnægjandi upplýsingar varðandi vinnsluna svo unnt sé að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu gagnvart hinum skráða.⁸⁵ Sanngirnireglan tekur einnig til lögmæti vinnslu sem felur í sé að vinnsluheimild þurfi að vera til staðar þá annað hvort með samþykki eða stoð í lögum, svo vinnslan teljist lögmæt. Áskilnaður um lögmæti vinnslunnar felur ekki aðeins í sér

⁸⁵ Athugasemd með 1. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn 24.01.2019].

skírskotun til skráðra lagareglna heldur einnig til óskráðra grundvallarreglna um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.⁸⁶

4.2. Tilgangsreglan

Tilgangsregluna er að finna í ákvæði 2. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. og b. lið. 1. mgr. 5. gr. pvrgr. Reglan felur í sér að persónuupplýsinga skuli einungis aflað í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi. Jafnframt er kveðið á um að ekki sé heimilt að vinna þær í öðrum og ósamræmanlegum tilgangi og ef vinnsla persónuupplýsinga samrýmist ekki reglunni þá sé hún ólögmæt.⁸⁷ Skilyrðið um að tilgangur vinnslu sé skýr felur í sér að skilgreina þurfi vinnslu nægjanlega vel og afmarka svo að hún verði gagnsæ og auðskilin og þannig megi koma í veg fyrir of víðtæka skilgreiningu tilgangs. Mikilvægt er að tilgangur sé skýrlega afmarkaður þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar og þá því viðkvæmari sem upplýsingarnar eru því mikilvægara er að tilgangurinn sé skýrt afmarkaður.⁸⁸

Vinnsla verður að vera gerð í málefnalegum tilgangi sem felur í sér að ekki megi vinna með upplýsingar í hvaða tilgangi sem er þó að tilgangurinn sé yfirlýstur og skýr og markmið vinnslu verður að vera í samræmi við þá starfsemi sem ábyrgðaraðili hefur með höndum.⁸⁹ Samkvæmt reglunni verður ábyrgðaraðili að ákveða fyrirfram hvaða upplýsingum er safnað og honum er ekki heimilt að varðveita upplýsingar í þeim tilgangi að nýta þær síðar. Eins og rakið hefur verið hér að framan þá er ekki heimilt að vinna persónuupplýsingar í öðrum eða ósamrýmanlegum tilgangi miðað við þann tilgang sem ákveðinn var við öflun þeirra en þó er að finna umdantekningu í ákvæðinu. Ákveðin sérsjónarmið geta átt við ef um frekari vinnslu er að ræða í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi sem teljist ekki ósamrýmanlegur, að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt. Slíkar rannsóknir geta verið þess eðlis að ávinningur af nýrri vinnslu vegi meira en óhagræði hins skráða sem á hlut í máli.⁹⁰

⁸⁶ Ibid.

⁸⁷ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 219

⁸⁸ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn 24.01.2019].

⁸⁹ Ibid.

⁹⁰ Ibid.

Telja má að gerð sé mun strangari krafa til mikilvægis almannahagsmuna til frekari vinnslu í rannsóknarskyni svo hún sé heimil. Því viðkvæmari sem persónuupplýsingar eru, því meiri þurfa hagsmunir samfélagsins að vera.⁹¹ Tilgangsreglan tengist mjög meginreglum 8. gr. persónuverndarlaga og því nauðsynlegt að það sé skýr afmörkun um hver tilgangur sé og hvaða lágmarksupplýsingar skuli nota, svo hægt sé að haga vinnslu í samræmi við hlutfallsreglu.⁹² Samkvæmt henni skal ávallt gæta þess að haga vinnslu við það lögmeta markmið sem stefnt er að.⁹³

Ákvörðun stjórnar *Persónuverndar þann 30. mars 2012 (2012/96)*

Landlæknir hafði óskað eftir upplýsingum frá lýtalæknum á rafrænu formi um allar þær konur sem höfðu gengist undir brjóstafyllingar óháð tegund á Íslandi frá upphafi ársins 2000 til 2010. Í ljós kom að franskt fyrirtæki PIP hafði notað iðnaðarsílikon í púðana sína í stað hreins sílikons sem hafði leitt til aukinnar hættu á rofnun púðanna. Landlæknir hafði ekki tilgreint skýrt frá um hver tilgangur embættisins væri með því að vita deili á konum sem höfðu fengið brjóstafyllingar óháð tegund, né hvað hann ætlaði sér að gera við þessar upplýsingar. Einungis var að finna heimild í ákvæði 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni til þess að taka saman skrár með ópersónugreinanlegum upplýsingum annars hefði þurft samþykki umræddra kvenna að liggja fyrir svo heimilt hefði verið að vinna með upplýsingarnar. Landlæknir hafði ekki gefið út neina yfirlýsingu um það hvort hann ætlaði sér veita konunum sérstakt úrræði eða ákveðna þjónustu. Það eina sem hann nefndi ef þróun mála kynni að vera á þann veg að hann þyrfti að ná í konurnar síðar meir. Landlæknir hafði ekki uppfyllt skilyrði persónuverndarlaga til þess að vinna með þessar persónuupplýsingar, þar sem tilgangur vinnslunnar hafði ekki legið fyrir með skýrum hætti.

Ákvæði b. liðar 1. mgr. 5. gr. pvrgr. mælir fyrir um að persónuupplýsingar verða að vera fengnar í skýrt tilgreindum lögmetum tilgangi og óheimilt sé vinna þær í öðrum tilgangi en þeim upphaglega. Ef um frekari vinnslu persónuupplýsinga er vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða tölfræðilegum tilgangi verður vinnslan að vera í samræmi við 1. mgr. 89. gr. pvrgr. og verður tilgangurinn að vera í samræmi við upphaflegan tilgang fyrir öflun upplýsinganna.

Með reglugerð (EBS) var aukinn réttur hins skráða til að fá upplýsingar um hver tilgangur vinnslu væri og vitneskju um þann sem ber ábyrgð á vinnslu og að hvaða marki vinnslan taki til. Meginreglan um gagnsæi kemur skýrt fram í formála 39. gr. reglugerðarinnar með henni er verið að tryggja aukinn rétt hins skráða til upplýsinga

⁹¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 220

⁹² Páll Hreinsson (2007). *Rafræn vinnsla Persónuupplýsinga*. bls. 26

⁹³ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 227

um tilgang vinnslu ásamt rétti á staðfestingu og tilkynningu um vinnslu persónuupplýsinga um sig.⁹⁴ Slíkt má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 17. ágúst 2011 (2010/906)

Persónuvernd hafði borist kvörtun yfir því að skólahjúkrunarfræðingur hefði án skýringa safnað persónuupplýsingum um grunnskólanemendur. Umrædd upplýsingaöflun fór fram með þeim hætti að foreldrar svöruðu spurningum um heilsuhagi barna sinna. m.a. um sjúkdóma, sjón, heyrn og fl. Foreldrar barnanna höfðu hvorki fengið vitneskju um hver tilgangur umræddrar vinnslu væri né hver bæri ábyrgð á henni. Persónuvernd sendi landlækni bréf og krafðist skýringa á umræddri vinnslu. Umrædd vinnsla hafði verið unnin af starfsmanni heilsugæslunnar og var því litið til þess að heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins væri ábyrgðaraðili vinnslunnar og að umrædd vinnsla hafi verið nauðsynleg vegna heilbrigðisþjónustu við nemendur. Persónuvernd vísaði til þess í úrskurði sínum að ábyrgðaraðili þyrfti að gæta að upplýsingarétti hins skráða svo hann gæti gætt eigin hagsmuna þó svo að vinnslan hefði talist heimil. Því taldi Persónuvernd að skort hefði á yfirlýstan tilgang vinnslunnar.

4.3. Meðalhófsreglan

Meðalhófsregluna er að finna í ákvæði 3. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. Hún mælir fyrir um að persónuupplýsingar séu nægilegar, viðeigandi og takmarkaðar við það sem er nauðsynlegt miðað við tilgang vinnslunnar. Samkvæmt reglunni verður ávallt að gæta þess að vinnsla persónuupplýsinga sé í réttu hlutfalli við það lögmæta markmið sem stefnt er að, þannig að ekki sé unnið með meiri persónuupplýsingar en þörf er á.⁹⁵ Ef ábyrgðaraðili gengur lengra en þörf krefur brýtur hann regluna.⁹⁶

Reglan tekur mið af c. lið 1. mgr. 5. gr. pvrgr. og stendur hún í nánnum tengslum við tilgangsregluna sem felur í sér að tilgangur þurfi að vera skýr svo unnt sé að átta sig á því hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir ábyrgðaraðila til að vinna með.⁹⁷ Meðalhófsreglan kemur fram í 39. lið. formála reglugerðar (ESB). Hún tekur mið af því að geymslutími persónuupplýsinga verður að takmarkast við algjört lágmark.⁹⁸ Reglan leggur þá skyldu á ábyrgðaraðila að setja tímafresti varðandi eyðingu gagna eða endurskoðun á þeim til að tryggja að persónuupplýsingar séu ekki varðveittar til lengri tíma en þörf krefur.⁹⁹ Meðalhófsregluna má sjá í eftirfarandi úrskurði.

⁹⁴ 39. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 6

⁹⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 227

⁹⁶ Ibid.

⁹⁷ Vefsíða Persónuverndar. *Fræðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa*. bls. 18

⁹⁸ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 31.01.2019]

⁹⁹ 39. liður formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 7

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 15. október 2018 (2017/1771)

Þar hafði Persónuvernd borist kvörtun vegna ótakmarkaðs aðgangs starfsmanna Reykjavíkurborgar að mjög ítarlegum upplýsingum allra landsmanna í Þjóðskrá á innri vef borgarinnar. Kvartandi hafði vísað til þess að í Þjóðskrá væru upplýsingar um hann sjálfan sem hægt væri að nota eftir atvikum með öðrum upplýsingum honum í óhag. Var það niðurstaða Persónuverndar að aðgangur starfsmanna Reykjavíkurborgar að upplýsingum hefði verið umfram það sem nauðsynlegt væri miðað við tilgang vinnslu og hafi ekki samrýmt grunnreglunni um meðalhóf.

Samkvæmt framangreindu verða fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og aðrir sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga að takamarka aðgang starfsmanna að þeim upplýsingum sem nauðsynleg eru í þágu verkefna þeirra.

4.4. Áreiðanleikareglan

Áreiðanleikaregluna er að finna í d. lið 1. mgr. 5. gr. pvrgr. og í 4. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. Samkvæmt henni er gerð sú krafa um að vinnsla persónuupplýsinga sé áreiðanleg og uppfærð eftir þörfum. Leiðréttta eða eyða skal án tafar persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra. Áreiðanleikareglan er áréttuð í 39. lið. formála reglugerðar (ESB) þar kemur fram að þörf hafi verið á hóflegum ráðstöfunum til að tryggja að óáreiðanlegar persónuupplýsingar séu leiðréttar eða þeim eytt.¹⁰⁰ Markmið reglunnar er að tryggja gæði og áreiðanleika þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með hverju sinni og koma í veg fyrir að óvönduð vinnubrögð valdi hinum skráða tjóni og óhagræði.¹⁰¹ Áreiðanleikaregluna má sjá í eftirfarandi ákvörðun Persónuverndar.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 22. júní 2011 (2010/1085)

Þar hafði Persónuvernd borist kvörtun vegna miðlunar Húðlæknastöðvarinnar á persónuupplýsingum E til móður hennar þar sem tengiliðaupplýsingar höfðu ekki verið uppfærðar í kerfi Húðlæknastöðvarinnar. Húðlæknastöðinni var gert að ganga úr skugga um að tengiliðaupplýsingar sjúklinga eftir að þeir næðu 18 ára aldri væru áreiðanlegar og einungis hringt í sjúklingana sjálfa eftir að þeir næðu 18 ára aldri nema að þeir hefðu sérstaklega samþykkt annað.

¹⁰⁰ 39. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 7

¹⁰¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 234

4.5. Varðveislureglan

Varðveislureglan kemur fram í e. lið 1. mgr. 5. gr. pvrgr. og í 5. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. Samkvæmt reglunni verður að gæta þess að hafa ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar.¹⁰² Í seinni hluta ákvæðis 5. tl. 8. gr. pvl. kemur fram að heimilt sé að geyma persónuupplýsingar lengur að því tilskildu að vinnsla þeirra þjóni einungis skjalavistun í þágu almannahagsmuna, rannsóknna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi og að viðeigandi öryggis sé gætt. Ekki kemur fram í athugasemd með frumvarpi ákvæðisins um hversu langan tíma sé heimilt að varðveita upplýsingar í persónugreinanlegu formi, en þar er mælt fyrir að það skuli ráðast af aðstæðum hverju sinni. Persónuvernd er heimilt að setja ákveðnar leiðbeiningarreglur um í hversu langan tíma ábyrgðaraðila er heimilt að varðveita slíkar upplýsingar miðað við tilgang vinnslunnar.¹⁰³

Reglan tengist mjög tilgangsreglunni sem snýr að endanleika vinnslu, það felur í sér að gera persónuupplýsingar ópersónugreinanlegar eða að þeim sé eytt, þegar ekki er lengur þörf til varðveislu í þágu málefnalegs tilgangs.¹⁰⁴ Markmið reglunnar felur í sér að koma eigi í veg fyrir að persónugreinanlegar upplýsingar safnist upp hjá ábyrgðaraðila lengur en þörf er á þar sem slíkt gæti leitt til hættu á skerðingu til friðhelgi einkalífs hins skráða.¹⁰⁵ Ábyrgðaraðili verður að gera persónuupplýsingar ópersónugreinanlegar ef hann hefur hug á því að varðveita þær lengur en það sem samrýmist tilgangi vinnslunnar, þá myndu þær ekki teljast lengur til persónuupplýsinga. sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. og löggin gilda því ekki lengur um þær. sbr. 1. mgr. 4. gr. pvl. Fari ábyrgðaraðili ekki þessa leið verður hann að afhenda skjalasafni persónuupplýsingar til varðveislu samkvæmt 14. gr. laga. nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.¹⁰⁶

¹⁰² Ibid. bls. 237

¹⁰³ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 02.02.2019]

¹⁰⁴ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 238

¹⁰⁵ Páll Hreinsson (2007). *Rafræn vinnsla Persónuupplýsinga*. bls. 31

¹⁰⁶ Þórður Sveinsson (2003) Grunnreglur 7. gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Útljótur*, 3. tbl. bls. 450

Í eftirfarandi máli var ábyrgðaraðila gert að gera ráðstafanir varðandi aðgengi og varðveislu persónuupplýsinga hins skráða og þar kemur varðveislureglan skýrt fram.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 22. júní 2012 (2011/1211)

Málið varðaði kröfu starfsmanns sveitarfélags um að skýrslu um meint einelti hans í garð yfirmanns síns yrði eytt, umrædd skýrsla var í höndum stjórnvalds. Starfsmaðurinn sagði að í umræddri skýrslu hefðu verið rangar fullyrðingar um að hann hefði nýtt hin ýmsu tækifæri til þess að grafa undan stjórnun og hæfi yfirmanns síns. Starfsmaðurinn taldi að umrædd skýrsla hefði að geyma rangar og villandi upplýsingar um sig og vildi að umræddri skýrslu í vörslu stjórnvalds yrði eytt. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að Akraneskaupstað væri óheimilt að nota skýrsluna nema í þeim afmarkaða og yfirlýsta tilgangi sem upphaflega var stefnt að með gerð hennar og þar því að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo skýrslan yrði ekki aðgengileg öðrum starfmönnum.

4.6. Öryggisreglan

Öryggisreglan er ný grundvallarregla sem bættist við með tilkomu nýrrar reglugerðar (ESB) hana er að finna í f. lið 1. mgr. 5. gr. pvrgr. og 6. tl. 1. mgr. 8. gr. pvl. Ákvæðið mælir fyrir um að vinnsla persónuupplýsinga séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt. Samkvæmt reglunni verður vinnslan njóta verndar gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu, glötun, eyðileggingu eða tjóni fyrir slysi. Reglan endurspeglast í mörgum ákvæðum persónuverndarlaganna¹⁰⁷ þar á meðal í ákvæði 24. gr. pvrgr. Samkvæmt ákvæðinu er lögð skylda á ábyrgðaraðila að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja og sýna fram á að vinnslan sé í samræmi við grundvallarreglur persónuverndarlaganna. Samkvæmt þessu er ábyrgðaraðilum skylt að tryggja öryggi persónuupplýsinga með því að innleiða viðeigandi ferla svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir við að gerviauðkenna persónuupplýsingar sbr. 25. gr. og 32. gr. pvrgr.

4.7. Ábyrgðarskylda

Ábyrgðarskylda er ein af hinum nýjum skyldum sem bættist við með nýju persónuverndarlöggjöfnni. Regluna er að finna í 2. mgr. 5. gr. pvrgr. Ábyrgðarskyldan felur í sér að fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og aðrir sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga ber skylda til að fara eftir meginreglum persónuverndarlaga. Ábyrgðaraðili verður að geta sýnt fram á og sannað að hann framfylgi meginreglum persónuverndarlaga með framlagningu skjala eða verklagsreglum sem sýna fram á skilvirkni ráðstafana sem ábyrgðaraðili styðst við t.d. með skráningu frávíka. Án

¹⁰⁷ Vefsíða Persónuverndar. *Fraeðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa*. bls. 18
slóð:<https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Fraedsluefni-fyrir-personuverndarfulltrua-2.-utgafa.pdf>. Sótt á vefinn: 04.02.2019]

undantekninga verður alltaf að taka mið af eðli, umfangi, samhengi og hver tilgangur sé með vinnslunni ásamt mati á áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklingsins. Mismunandi ráðstafanir eru gerðar sem fer eftir því hvort upplýsingar séu almennar eða viðkvæmar og hversu mikið magn upplýsinga er verið að vinna með en einnig verður að meta þá þætti sem snúa að framkvæmd persónusniðs eða hvort um sjálfvirka ákvörðunartöku sé að ræða. Til þess að uppfylla ábyrgðarskylduna verður að skoða hverja meginreglu fyrir sig og meta hvaða kröfur persónuverndarlögin gera til þess að þær séu uppfylltar.¹⁰⁸

¹⁰⁸ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/abyrgdarskyldan>. Sótt á vefinn: 24.01.2019].

5. Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

5.1. Almennar heimildir til vinnslu

Samkvæmt almennum heimildum fyrir vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 1. mgr. 9. gr. pvl. og 1. mgr. 6. gr. pvrgr. er vinnsla aðeins heimil ef einhver þau skilyrði eru fyrir hendi sem talin eru upp í ákvæðinu.¹⁰⁹ Til þess að vinnsla á viðkvæmum persónuupplýsingum sé heimil verða eitt eða fleiri skilyrði sem koma fram í 1. mgr. 11. gr. pvl. að vera uppfyllt sem og eitthvað af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. pvl. og verður vinnslan einnig að vera í samræmi við meginreglur 1. mgr. 8. gr. pvl. Skilyrðin eiga það öll sameiginlegt að undaskilinni reglu 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. pvl. að vinnslan þurfi að vera nauðsynleg svo hún sé heimil, það fer þó eftir mati hverju sinni hvers eðlis hún er og hverskonar upplýsingar er verið að vinna með hverju sinni.

Hvort sem unnið er með almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar þá telst samþykki vera ein mikilvægasta heimildin fyrir vinnslu persónuupplýsinga og gengið er út frá því að heimildin taki til persónaverndarsjónarmiða hins skráða með því að virða ákvörðunarrétt hans.¹¹⁰ Strangari skilyrði eru fyrir samþykki með tilkomu nýrrar reglugerðar (ESB), í því felst að hinn skráði verður að hafa gefið samþykki sitt fyrir vinnslu og telst þögn ekki jafngilda samþykki til vinnslu.¹¹¹

Ef unnið er með upplýsingar sem teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 3. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. þá nægir að ábyrgðaraðili uppfylli einungis eitt af þeim sex skilyrðum sem koma fram í 1. mgr. 9. gr. pvl. sem tekur til dæmis til samþykkis hins skráða.¹¹² Skilyrðin eiga það öll sameiginlegt að vinnslan er einungis heimil ef hún er í þágu nánar tilgreindra hagsmuna sem endurspeglast nánar í meðalhöfsreglunni¹¹³ sem felur í sér takmörkun persónuupplýsinga við það sem telst nauðsynlegt miðað við tilgang vinnslu.¹¹⁴

¹⁰⁹ Vefsíða: Evrópustofnun grundvallarmannréttinda. *Handbook on European data protection law*. bls. 114 slóð: <https://fra.europa.eu/en/publication/2018/handbook-european-data-protection-law>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹¹⁰ Ingi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Útljótur*, 1. tbl. bls. 56

¹¹¹ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹¹² Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Útljótur*, 1. tbl. bls. 201

¹¹³ Athugasemd með 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹¹⁴ Athugasemd með 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

5.1.1. Samþykki

Ákvæði 1. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. felur í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga ef hinn skráði veitir samþykki fyrir vinnslu í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða. Samþykkishugtakið er nánar skilgreint í 8. tl. 1. mgr. 3. gr. pvl. sem felur í sér að samþykkið verður að hafa verið veitt af fúsum og frjálsum vilja,¹¹⁵ sem felur í sér að raunverulegur vilji hins skráða sé fyrir vinnslu þannig að heimild fyrir vinnslu sem byggð er á nauðung væri ekki tekin gild.¹¹⁶ Samþykkið verður að vera persónubundið sem felur í sér að enginn getur gefið samþykki fyrir hönd hins skráða nema að sérstök heimild sé fyrir hendi.¹¹⁷

Slík sérstök heimild getur hins vegar falist í umboði sem hinn skráði veitir þriðja aðila til að samþykkja tiltekna vinnslu fyrir sína hönd eða annars vegar í ákvæðum laga.¹¹⁸ Samþykkið verður að vera upplýst sem felur í sér að hinn skráði viti hvað hann er að samþykkja og hvaða afleiðingar vinnslan geti haft í för með sér gagnvart honum.¹¹⁹ Þó að vinnsla sé byggð á samþykki hins skráða þá verður ávallt að gæta meðalhófs við vinnsluna þannig að ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur og verður vinnslan jafnframt að vera unnin í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi. Samþykkið tekur til allra þátta vinnslunnar hvort sem hún er unnin í sama eða margvíslegum tilgangi sem felur í sér að samþykki verður að liggja fyrir hverja og eina vinnslu.¹²⁰

Samkvæmt 58. og 60. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 er að finna reglur um heimildir lögráðamanna þeirra manna sem eru lögræðissviptir til að samþykkja vinnslu viðkvæmra upplýsinga um hann í samráði við hinn lögræðissvipta.¹²¹

¹¹⁵ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹¹⁶ Ingvi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9. gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 62

¹¹⁷ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹¹⁸ Ingvi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9. gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 58

¹¹⁹ Athugasemd með 8. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹²⁰ 32. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 6

¹²¹ Ingvi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9. gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 59

Ábyrgðaraðili verður að geta sýnt fram á að hinn skráði hafi samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um sig sem felur í sér ákveðin grundvöll fyrir hinn skráða um vitneskju vinnslu um sig og þeim rétti sem hann getur nýtt sér samkvæmt lögum.¹²² Sönnunarbyrði á hvort upplýsingaskyldan sé uppfyllt hvílir á ábyrgðaraðila og má því ætla að slíkar upplýsingar séu oftast veittar skriflega þótt engin formskilyrði séu í gildi um það hvernig upplýsingum er komið á framfæri gagnvart hinum skráða.¹²³

Ábyrgðaskyldan hvílir á ábyrgðaraðila sem verður að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja gagnsæi gagnvart hinum skráða svo hann geti neytt upplýsingarréttar síns skv. 1. mgr. 17. gr. pvl. og 1. mgr. 12. gr. pvrgr. Með hliðsjón af meginreglunni um gagnsæi verður að tryggja að hinum skráða séu veittar allar þær upplýsingar sem tengjast umræddri vinnslu¹²⁴ þar með talið réttur hans til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem unnið er með ásamt réttinum til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga og til að andmæla.¹²⁵

Við ákveðnar aðstæður þurfa skilyrði um samþykki ekki að liggja fyrir vinnslu persónuupplýsinga og þetta á sérstaklega við þegar skýr aðstöðumunur er á milli hins skráða og ábyrgðaraðilans, þetta á einkum við þegar ábyrgðaraðilinn er opinbert yfirvald og ekki þykir líklegt að hinn skráði komi til með að veita samþykki af fúsum og frjálsum vilja við ákveðin tilvik.¹²⁶ Þær heimildir koma fram í 2. - 11. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. og b- j. lið. 1. mgr. 9. gr. pvrgr. og skv. 1. mgr. 31. gr. pvl. fjalla um leyfisskylda vinnslu.

5.1.2. Samningur við hinn skráða

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. og í c. lið 1. mgr. 6. gr. pvrgr. mælir fyrir um heimild til vinnslu persónuupplýsinga ef hún er nauðsynleg fyrir framkvæmd samnings sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður.¹²⁷ Ákvæðið er byggt á b. lið 7. gr. tilskipunar og eru ákvæðin efnislega samhljóða. Í 2. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. er að finna reglu er geymir tvíþætta heimild til

¹²² Ingvi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 57

¹²³ Páll Hreinsson. (2003) Upplýsingaskylda ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða við söfnun persónuupplýsinga. *Tímarit Lögfræðinga*. 1. tbl. bls. 10

¹²⁴ 58. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 11

¹²⁵ 59. Ibid. bls. 11

¹²⁶ 43. Ibid. bls. 8

¹²⁷ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

vinnslu persónuupplýsinga sem felast annars vegar í því að ef vinnslan er nauðsynleg til þess að efna samning og hins vegar ef um er að ræða ráðstöfun samkvæmt beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Skilyrði er að hinn skráði sé aðili að samningi sem felur í sér að ábyrgðaraðili hefur ekki heimild til að gera samning við þriðja aðila um vinnslu persónuupplýsinga um hinn skráða.¹²⁸ Samkvæmt skilgreiningu samningaréttarins er samningur byggður á gagnkvæmum og nátengdum viljayfirlýsingum á milli tveggja eða fleiri aðila. Önnur yfirlýsingin er í formi loforðs og hin felur í sér loforð um endurgjald fyrir þær hagsbætur sem felast í loforði gagnaðila.¹²⁹ Samningar þurfa ekki að vera formbundnir, skriflegir samningar eru betur til þess fallnir að tryggja réttarstöðu samningsaðila en t.d. munnlegir samningar.¹³⁰ Svo hægt sé að beita 2. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. þá verður samningur að hafa lagalegt gildi sem felur í sér fyrst og fremst að aðilar samnings þurfa að vera hæfir að lögum til að gera samning.¹³¹

5.1.3. *Vinnslan sé nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu*

Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. heimilar vinnslu persónuupplýsinga ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Lagaskyldan kemur fram í c. lið 6. gr. pvrgr. Í 45. lið. formálans er mælt fyrir um að vinnsla sem unnin er til samræmis við lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila eða sé nauðsynleg vegna verkefnis sem sem er í þágu almannahagsmuna eða opinbers valds verði að eiga stoð í lögum sambandsins.¹³²

Ákvæðið gerir ráð fyrir að lagaskylda sé grundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga¹³³ Hér á landi er í fyrsta lagi með hugtakinu átt við almenn lög sem Alþingi setur og forseti eða handhafar forsetavalds staðfesta með undirritun sinni sbr. 2. gr., 19 og 26. gr. stjórnarskrárinnar. Í öðru lagi er átt við með hugtakinu lagaskylda þær skyldur sem eru samkvæmt reglugerðum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stoð í lögum og í þriðja lagi tekur skyldan einnig til stjórnvaldsúrskurða og dóma.¹³⁴

¹²⁸ Ibid.

¹²⁹ Páll Sigurðsson. (1987). *Samningaréttur*. bls. 84

¹³⁰ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 259

¹³¹ Ibid.

¹³² 45. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 8

¹³³ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Útljótur*, 1. tbl. bls. 207

¹³⁴ Athugasemd með 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 20.02.2019]

Löggjafinn hefur hins vegar ekki alveg frjálssar hendur til þess að setja slíkar lagaheimildir til vinnslu persónuupplýsinga, slíkar heimildir verða að samrýmast friðhelgi einkalífs samkvæmt 3. mgr. 71. laga nr. 33/1944 sbr. 8. gr. laga nr. 62/1994. Framangreint felur í sér að ekki er heimilt skerða friðhelgi einkalífs manns, heimilis eða fjölskyldu nema að brýn nauðsyn sé til vegna réttinda annarra.¹³⁵ Hugtakið lagaskylda tekur hins vegar ekki til skyldu samkvæmt samningi¹³⁶ heldur einungis til þeirra skyldna sem leiða af lagasetningu.¹³⁷ Þar sem ágreining um samningsskyldur aðila er hægt að leysa fyrir dómstólum.¹³⁸ Lögin verða að kveða á um þá skyldu í réttu hlutfalli við það markmið sem stefnt er að, lögin mega ekki innihalda víðtækari heimildir til vinnslu persónuupplýsinga en það sem nauðsynlegt er til að ná tilteknu markmiði.¹³⁹ Þetta má sjá í eftirfarandi ákvörðun.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 31. janúar 2019 (2018/831)

Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands höfðu unnið að sameiginlegu átaki með því markmiði að auka kosningaþáttöku ákveðinna hópa í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna sem fólust m.a. í því að senda smáskilaboð á unga kjósendur sem voru að kjósa í fyrsta sinn. Vinnslan var unnin út frá lista frá Þjóðskrá Íslands. Vísað var til þess af hálfu Reykjavíkurborgar og rannsakenda Háskóla Íslands að almannahagsmunir fælust í að því að skilja lága og minnkandi kjörsókn ungra kjósenda og annara hópa sem þyrfti bregðast við. Markmið þessara skilaboða áttu að upplýsa unga kjósendur annars vegar staðsetningu kjörstaðar og hins vegar um fyrirkomulag kosningann, þessi skilaboð voru með hlekk á tilgreinda upplýsingasíðu ásamt fjórum tegundum bréfa sem innhéldu mismunandi hvatningar skilaboð til þessara hópa. Í framhaldinu átti að meta virkni þeirra til kosninga með rannsókn til þess að byggja upp þekkingu um hvernig best að virkja unga kjósendur í framtíðinni. Einnig voru send bréf með gildishlöðnum texta til kvenna sem voru 80 ára og eldri sem höfðu búsetu í Reykjavík og til innflytjenda og erlenda ríkisborgara sem voru með kosningarrétt en sú vinnsla var ekki hluti af framangreindri rannsókn, heldur var hún alfarið á ábyrgð Reykjavíkurborgar með því markmiði að auka kosninga þátttöku þeirra. Persónuvernd hafði fallist á að umrædd vinnsla persónuupplýsinga hefði verið heimil sem fólst í því að senda á unga kjósendur smáskilaboð með upplýsingar um fyrirkomulag og staðsetningu kjörstaðar sem byggð var á fyrstu upplýsingum Reykjavíkurborgar um áform sín. Síðar kom svo í ljós að áform Reykjavíkurborgar hefðu verið mun víðtækari heldur en Persónuvernd hafði fengið vitneskju um. Persónuvernd sagði í úrskurði sínum að umrædd vinnsla hefði falið í sér allt annað en hlutlaus skilaboð með upplýsingum og framkvæmd kosninganna til ungra kjósenda sem voru að kjósa í fyrsta sinn og að umrædd rannsókn hefði ekki miðað að því að skilja lága og minnkandi kjörsókn ungra

¹³⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 266

¹³⁶ Athugasemd með 3. t. l. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 21.02.2019]

¹³⁷ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 267

¹³⁸ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 208

¹³⁹ Álit 29. gr. starfshópsins. nr. 06/2014. *on the notion of legitimate interest of the data controller under Article 7 of Directive 95/46/EC*. slóð: <https://www.dataprotection.ro/servlet/ViewDocument?id=1086>. Sótt á vefinn: 21.02.2019]

kjósenda og annarra hópa og því væri ekki hægt að vísa til hagsmuna sem lútandi heimild fyrir umræddri vinnslu. Persónuvernd tók einnig fram að bréfasendingar til kvenna eldri en 80 ára hefðu ekki einungis verið til að upplýsa, heldur höfðu bréfin að geyma hvatningar skilaboð til þess að kjósa. Heimild hefði verið í lögnum til vinnslu persónuupplýsinga ef vinnslan hefði verið vegna verks sem unnið væri í þágu almannahagsmuna og taldi Persónuvernd að engin rök hefðu verið fyrir því að upplýsa þyrfti konur 80 ára og eldri um kosningarétt sinn.

5.1.4. Hagsmunir hins skráða

Ákvæði 4. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. heimilar vinnslu persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings. Ákvæðið er samhljóma d. lið 6. gr. pvrgr. en þar segir í 46. formálsliðs, að vinnsla persónuupplýsinga sé lögmæt ef hún er nauðsynleg til vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings. Vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli brýnna hagsmuna annars einstaklings ætti að meginreglu aðeins að fara fram þegar greinilegt er að hún getur ekki byggst á öðrum lagagrundvelli. Sumar tegundir vinnslu geta bæði þjónað mikilvægum almannahagsmunum og brýnum hagsmunum skráðs einstaklings, t.d. þegar vinnsla er nauðsynleg í mannúðarskygni.¹⁴⁰

Undir slíkt getur fallið tilvik þar sem hinn skráði er ekki fær um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarveru eða öðrum svipuðum ástæðum, sem og ef vinnslan er það áriðandi að það er ekki hægt að bíða þann tíma sem tekur til að afla slíks samþykkis.¹⁴¹ Ákvæðið nær einnig til foreldris sem fer með fyrirvar fyrir barn sitt eða lögráðamann þess. Geti foreldri ekki samþykkt vinnslu vegna veikinda barns getur vinnsla sem ætlað er að vernda brýna hagsmuni þess einnig verið byggð á 4. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. Ef foreldri vill ekki heimila slíka vinnslu verður annaðhvort að sleppa vinnslu eða finna henni nýjan farveg.¹⁴² Vinnslan verður að hafa grundvallarþýðingu fyrir hagsmuni hins skráða.¹⁴³

¹⁴⁰ 46. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 8

¹⁴¹ Athugasemd með 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 25.02.2019]

¹⁴² Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 279

¹⁴³ Athugasemd með 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 25.02.2019]

5.1.5. *Verk í þágu almannahagsmuna eða beitingu opinbers valds*

Ákvæði 5. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. og e. lið. 1. mgr. 6. gr. pvrgr. felur í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga ef hún er í þágu almannahagsmuna eða beitingu opinbers valds sem er í höndum ábyrgðaraðila. Fyrri hluti greinarinnar mælir fyrir um vinnslu sem er í þágu almannahagsmuna en þar undir gæti fallið vinnsla sem er á grundvelli sagnfræðilegs, tölfraðilegs eða vísindalegs tilgangs, vinnslunni er ætlað að taka til breiðs hóps manna, en ekki er skilyrði að vinnslan verði að vera á vegum opinberra aðila ef henni er ætlað að þjóna hagsmunum breiðs hóps manna.¹⁴⁴ Með því er átt við að vinnslan eigi ekki að taka til einstakra aðila eða hagsmunahópa heldur verður vinnslan að taka til heildarinnar¹⁴⁵ og er þar af leiðandi ekki heimil ef hún varðar hagsmuni afmarkaðs hóp manna.¹⁴⁶ Í framkvæmd má gera ráð fyrir að Persónuvernd og dómstólar túlki 5. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. tiltölulega þröngt þannig að það sé breiður hópur sem hafi hagsmuni af vinnslunni eða jafnvel samfélagið í heild sinni.¹⁴⁷ Framangreinda ályktun má draga af í eftirfarandi úrskurði.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 31. janúar 2019 (2018/831)

Persónuvernd sagði í niðurstöðu sinni að engin rök hefðu verið fyrir því að upplýsa þyrfti konur eldri en 80. ára um kosningarétt sinn í þágu almanna hagsmuna. Sjá reifun í kafla 5.1.3.

Seinni hluti ákvæðis 5. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. felur í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem er á vegum ábyrgðaraðila. Ákvæðið tekur til stjórnvaldsákvæðana þ.e. stjórnvöld vinna með persónuupplýsingar sem tengdar eru meðferð opinbers valds sem og vinnslu sem fellur undir stjórnsýslu og opinbera þjónustustarfsemi.¹⁴⁸ Ákvæðið beinist fyrst og fremst að stjórnvöldum og miðlun persónuupplýsinga til þeirra vegna valdheimilda sem þeim er falið við stjórnvaldsákvæðanir í tengslum við opinber gjöld, fjárhæðir félagslegra bóta

¹⁴⁴ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 13.02.2019]

¹⁴⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 280

¹⁴⁶ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 215

¹⁴⁷ Ibid. bls. 215

¹⁴⁸ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 25.02.2019]

og framkvæmd lögmætrar stjórnarsýslu¹⁴⁹ Um valdheimild stjórnvalds má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 30. maí 2016 (2016/182)

Persónuvernd krafðist upplýsinga frá Tollstjóranum í Reykjavík vegna kvörtunar sem henni hafði borist vegna miðlunar og vinnslu á persónuupplýsingum kvartanda. Kvartandi hafði komið til landsins erlendis frá þegar tollverðir hófu afskipti af honum, leitað hafði verið í farangri hans og skráðar voru niður viðkvæmar persónuupplýsingar sem höfðu leitt til yfirheyrslu hjá löggæsluyfirvöldum vegna gruns um refsiverða háttsemi kvartanda. Kvartanda hafði verið sagt að ekki yrði unnið enn frekar með uppgefnar upplýsingar og var honum jafnframt synjað um gögn sem tollstjóri hafði undir höndum vegna málsins. Tollstjóri taldi sig hafa ótvíræða heimild til vinnslu þessara upplýsinga sem aflað var í máli kvartanda þar sem í tollalögum væru lagaákvæði sem hefðu legið til grundvallar þeirri lagavinnslu sem embættið hefði fullnægt til vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd taldi umrædda vinnslu heimila í ljósi framangreindra skilyrða þar sem umrædd vinnsla væri heimil á grundvelli lagaskyldu og beitingu opinbers valds.

5.1.6. Lögmætir hagsmunir

Ákvæði 6. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. og í f. lið 6. gr. pvrgr. fela í sér heimild til vinnslu persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir, nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn. Ákvæðið tekur aðeins til þeirra vinnslu sem ábyrgðaraðili hefur metið sérstaklega með því að skoða hvort hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra ef vinnslan fari ekki fram en þeir hagsmunir sem mæla með umræddri vinnslu. Ekki er aðeins átt við hagsmuni ábyrgðaraðila eða þriðja manns sem móttækur upplýsingar heldur getur ákvæðið tekið til hagsmuni annarra.¹⁵⁰

Lögmætir hagsmunir ábyrgðaraðila felast meðal annars í því að fá í hendur persónuupplýsingar eða að vinnsluheimild sé veitt þriðja aðila með því markmiði að hagsmunir hins skráða eða grundvallarréttindi hans og frelsi vegi ekki þyngra.¹⁵¹ Eins og vikið er að framanverðu er vinnsla persónuupplýsinga heimil skv. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. pvl. ef ábyrgðaraðili eða aðrir hafa lögmæta hagsmuni af því að vinnslan fari fram en lögmætir hagsmunir ábyrgðaraðila verða að vegna þyngra en grundvallarréttindi og friðhelgi hins skráða. Ákvæðið er byggt á tvennskonar sjónarmiðum, annarsvegar á hagsmunum hins skráða og hins vegar á hagsmunum ábyrgðaraðila eða þriðja aðila sem

¹⁴⁹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 284

¹⁵⁰ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altxt/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 25.02.2019]

¹⁵¹ 47. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 8

upplýsingum er miðlað til. Með grundvallarréttindum og frelsi hins skráða er vísað til þeirra réttinda sem hinn skráði nýtur samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem og skráðra og óskráðra reglna er vernda friðhelgi einkalífs sem ekki verður skert nema með heimild að lögum.¹⁵² Ákvæðið heimilar tiltekna vinnslu þegar ákveðnar aðstæður eru fyrir hendi og verður því að leggja mat á mikilvægi og eðli þeirra hagsmuna sem um ræðir hverju sinni og sem matið byggist á. Eftir því sem meira inngríp er í einkalífs fólks því mikilvægari verða þeir lögmætu hagsmunir að vera sem réttlæta vinnslu í hverju tilviki fyrir sig.¹⁵³

Ef tengsl eru á milli hins skráða og ábyrgðaraðila sem geta skipt verulegu máli við vinnslu persónuupplýsinga t.d. ef viðskiptasamband er þeirra á milli þá geta slík tengsl fallið undir lögmæta hagsmuni ábyrgðaraðila. Hagsmunir og grundvallarréttindi hins skráða geta gengið framur hagsmunum ábyrgðaraðila ef vinnsla persónuupplýsinga fer fram við ákveðnar aðstæður sem hinn skráði telur ekki frekari þörf á.¹⁵⁴ Um lögmæta hagsmuni má sjá í eftirfarandi úrskurði.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 23. febrúar 2009 (2008/881)

Verslunarskóli Íslands miðlaði upplýsingum um mætingareinkunn lögráða nemanda skólans til foreldra þeirra. Verslunarskólinn réttlætti miðlunina til foreldra á grundvelli almennra hagsmuna nemanda um að með því væri spornað gegn brottfalli nemenda úr námi. Persónuvernd taldi réttast að horfa til þeirra ákvæða sem vörðuðu réttarstöðu ungs fólks skv. lögræðislögum. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 tekur lögræði mið af 18 ára aldri og í samræmi við þau þá lýkur framfærsluskylda foreldra en þó geta ákveðnar skyldur geti hvílt á foreldrum eftir þetta tímamark skv. 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 þá getur sýslumaður úrskurðað foreldri til að greiða barni sínu til menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt kröfu þess frá 18 ára aldri til 20 ára. Þar sem málið snéri að skólastofnum og flestir nemendur á þeim aldri sem lögræði tæki mið af 18 ára aldri og við það tímamark lýkur að jafnaði framfærsluskylda foreldris. Var það niðurstaða Persónuverndar að foreldrar barna yngri en tvítugt hefðu lögmæta hagsmuni að vita hver skólasókn barna þeirra væri við ákvörðun þessara niðurstöðu var litið til 62. gr. barnalaga þar sem greiðsluskylda gæti hvílt á foreldri með barni sínu þar til það nær tvítugs aldri.

Víða í reglugerð (ESB) er vísað til þeirra sjónarmiða um réttindi barna sem oftast en ekki eru ófær um að gefa samþykki eða nýta sé þau réttindi sem skráðir einstaklingar njóta samkvæmt reglugerðinni.¹⁵⁵ Mælt er fyrir um sérstaka vernd barna í 38. formálslíð reglugerðarinnar. Verndin tekur til barna þar sem þau kunna að vera minna meðvituð

¹⁵² Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 224

¹⁵³ Ibid.

¹⁵⁴ 47. formálslíður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 8

¹⁵⁵ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06. 03.2019]

um þær áhættur og afleiðingar sem geta fylgt vinnslu, þau njóta því aukins rétt og verndarráðstafana við vinnslu persónuupplýsinga.¹⁵⁶ Ákvæði formálans tekur til sérstakrar verndar persónuupplýsinga barna sem ætlað er að nota í beinum markaðslegum tilgangi með því markmiði að ná til barna og við gerð persónusniða barna.¹⁵⁷ Þegar unnið er með persónuupplýsingar barna verður að upplýsa þau um hvað felst í umræddri vinnslu á einföldu og skýru máli þannig að barnið skilji hvað umrædd vinnsla felur í sér. Vinnslan er ekki heimil nema að forsjáraðili barnsins samþykki vinnsluna og verður slíkt samþykki að liggja fyrir hjá börnum undir 16 ára aldri. Þó getur verið kveðið á um lægri aldur í landslögum aðildarríkja sem getur þó ekki verið lægri aldur en 13 ára.¹⁵⁸ Þá er ekki þörf á því að samþykki forsjáraðila liggja fyrir í þeim tilvikum þegar barni er veitt fyrirbyggjandi ráðgjöf eða forvarnarþjónusta sem sérstaklega er beint til barna.¹⁵⁹

¹⁵⁶ 38. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 7

¹⁵⁷ Ibid. bls. 7

¹⁵⁸ Vefsíða: Evrópustofnun grundvallarmannréttinda. *Handbook on European data protection law*. bls. 151. slóð: <https://fra.europa.eu/en/publication/2018/handbook-european-data-protection-law> sótt á vefinn: 06.03.2019]

¹⁵⁹ 38. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 7

6. Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga

Til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast þær persónuupplýsingar sem skilgreindar hafa verið sem slíkar samkvæmt lögum.¹⁶⁰ Öll vinnsla persónuupplýsinga er óheimil nema að uppfyllt séu eitthvert af almennum skilyrðum 9. gr. persónuverndarlaganna og eitt eða fleiri af skilyrðum 11. gr. persónuverndarlaga. Styrkari stoð þarf fyrir lögmæti vinnslu ef hún uppfyllir fleiri en eitt skilyrði 11. gr. persónuverndarlaga¹⁶¹ Ákvæðið kveður á um með tæmandi hætti hvenær heimilt er að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar og eru strangari skilyrði sem gilda um vinnslu þeirra en um vinnslu almennra persónuupplýsinga.¹⁶² Viðkvæmar persónuupplýsingar njóta sérstakrar verndar þar sem vinnsla þeirra getur leitt til umfangsmikillar áhættu á grundvallarréttindum og mannfrelsi hins skráða.¹⁶³

Skilyrði til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga koma fram í 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaganna en samkvæmt ákvæðinu er óheimilt er að vinna með persónuupplýsingar sem varða kynþátt eða þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu eða þátttöku í stéttarfélagi og að vinna erfðafræðilegar upplýsingar, lífkennaupplýsingar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti, heilsufarsupplýsingar eða upplýsingar er varða kynlíf einstaklings eða kynhneigð.

6.1. Afdráttarlaust samþykki til vinnslu

Í ákvæði 1. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. er kveðið á um það að hinn skráði verður að veita afdráttarlaust samþykki sitt fyrir vinnslu í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða svo heimilt sé að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Samþykkið verður að uppfylla þær kröfur sem koma fram í samþykkis hugtakinu í 8. tl. 3. gr. pvl. sem fjallað hefur verið um að framan í kafla 3.8. sem felur í sér að hinn skráði verður að veita samþykki með fúsum og frjálsum vilja til vinnslu persónuupplýsinga um sig.¹⁶⁴

¹⁶⁰ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/hvad-eru-personuupplýsingar-1>. Sótt á vefinn: 05.03.2019]

¹⁶¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 313

¹⁶² Vefsíða Persónuverndar slóð: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/hvad-eru-personuupplýsingar-1>. Sótt á vefinn: 05.03.2019]

¹⁶³ 51. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 9

¹⁶⁴ slóð: http://www.privacy-regulation.eu/en/dossier_consent_demo.htm. Sótt á vefinn: 05.03.2019]

Þegar stjórnvöld vinna með persónuupplýsingar verða þau einnig að uppfylla eitthvert af heimildarákvæðum 9. gr. pvl. og 11. gr. pvl ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Gæta þarf þess að meginreglur 8. gr. pvl. séu virtar við vinnslu þannig að vinnslan sé unnin með lögætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða og ekki sé unnið með meiri upplýsingar en það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu. Vinnsluheimild stjórnvalda er byggð á lagaheimild þegar hún framfylgir lögbundinni starfsemi sinni en ekki á sérstöku samþykki hins skráða. Aðrar vinnsluheimildir stjórnvalda geta verið betur til þess fallnar að heimila vinnslu hjá stjórnvaldi. Þær heimildir sem stjórnvöld byggja almennt vinnslu sína á er vinnsla sem nauðsynleg er til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á stjórnvaldi eða þegar vinnsla er nauðsynleg til verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem er í höndum stjórnvalds. Stjórnvald getur einnig byggt á öðrum heimildum til dæmis þegar um einkaréttarlegan samning er að ræða sem hinn skráði er aðili að sem er ekki hluti af því að stjórnvald sé að framfylgja lagaskyldu.¹⁶⁵

6.2. Nauðsyn vinnslu samkvæmt samning

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um að vinnslan verður vera nauðsynleg til þess að hinn skráði eða ábyrgðaraðili geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöf eða löggjöf um almannatryggingar eða félagslega vernd. Ákvæðið er samhljóða b. lið 9. gr. pvrgr. Hérlandis eru réttindi og skyldur byggð á frjálsum samningum og samkvæmt lagafyrirmælum. Vinnsla sem er á vegum ábyrgðaraðila getur ýmist verið byggð á samningi aðila á vinnumarkaði sem getur falist í ráðningarsamningi aðila eða kjarasamningi.¹⁶⁶ Ráðningarsamningur er persónubundinn samningur á milli launamanns og atvinnurekanda sem er framkvæmdur við upphaf starfs. Samkvæmt honum skuldbindur launamaður sig til þess að vinna undir stjórn vinnuveitenda gegn greiðslu launa. Samkvæmt ráðningarsamningi er almennt vísað til almennra kjara samkvæmt kjarasamningi en þó geta aðilar geta gert samning sín á milli um betri kjör en þau sem mælt er fyrir í kjarasamningi.¹⁶⁷

¹⁶⁵ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/vinnsla-personuupplysinga-hja-stjornvoldum-1>. Sótt á vefinn 5.03.2019]

¹⁶⁶ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altxt/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 06.03.2019]

¹⁶⁷ Vefsíða Alþýðusambands Íslands. slóð: <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/rettindi-og-skyldur/radningarsambond-stofnun-og-edli/stofnun-radningarsambands-og-radningarsamningar/>. Sótt á vefinn: 06.03.2018]

Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Almennt myndi vinnsla stéttarfélags um félagsmenn falla undir 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaganna undir ákvæðið getur einnig fallið heilsufarsupplýsingar og upplýsingar um stéttarfélagsaðild starfsmanna. Varðandi vinnslu vinnuveitenda á viðkvæmum persónuupplýsingum starfsmanna reynir helst á 2. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. þar sem skylda getur hvílt á vinnuveitenda til vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum sem eru nauðsynlegar til að geta staðið skil á gjaldi til stéttarfélags og lífeyrissjóðs samkvæmt þar tilgerðum samning.¹⁶⁸

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar (Hér eftir, „atl“) kveður á um skyldur þeirra sem hafa í höndum upplýsingar er varða bótarétt eða fjárhæðir til bóta, þar er meginhlutverk Tryggingarstofnunarinnar að annast framkvæmd lífeyris- og almannatrygginga. Í ákvæði 52. gr. atl. koma fram eftirlitsheimildir Tryggingarstofnunar. Ákvæði 1. mgr. 52. gr. atl. mælir fyrir um að sækja þurfi sérstaklega um bætur til Tryggingarstofnunar að undanþegnum bótum til ellilífeyris örorkulífeyrisþega. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 52. gr. atl. ber umsækjendum sú skylda að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð, endurskoðun og greiðslu þeirra. Í ákvæði 3. mgr. 52. gr. atl. er finna heimild stofnunarinnar samkvæmt skriflegu samþykki umsækjanda að afla allra nauðsynlegra upplýsinga hjá öðrum yfirvöldum t.d. skattayfirvöldum, lífeyrissjóðum og fl. svo unnt sé að ákvarða bótagreiðslur.¹⁶⁹

6.3. Brýnir hagsmunir hins skráða

Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. hefur að geyma heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg til að verja brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings sem ekki er fær til að gefa samþykki sitt sjálfur. Undanþága til vinnslu er lögmæt sem nauðsynleg er vegna almanna hagsmuna, slík miðlun er vinnsla persónuupplýsinga sem ætlað er að vernda brýna hagsmuni sem gæti skipt sköpun fyrir hinn skráða eða annan einstakling.¹⁷⁰ Ákvæðið ber að túlka þröngt vegna hinna ströngu skilyrða um nauðsyn og brýna hagsmuni. Hér getur verið átt við að hinn skráði sé ekki

¹⁶⁸ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 328- 329

¹⁶⁹ Vefsíða Ríkisendurskoðunar. slóð: https://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/Eftirlitsheimildir_14_02_2013.pdf. Sótt á vefinn.06.04.2019]

¹⁷⁰ 112. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 20

fær vegna líkamlegra ástæðna í lagalegum skilningi t.d. ef hann hefur verið sviptur lögræði og er þar af leiðandi ófær um að veita samþykki sitt¹⁷¹ eða sé alvarlega slasaður, haldinn sjúkdómi sem sviptir hann dómgreind eða undir miklu áhrifum lyfja, áfengis, eða fíkniefna.¹⁷² Með öðrum orðum þarf hinn skráði að vera líkamlega eða andlega ófær um að geta veitt samþykki sitt fyrir vinnslunni.¹⁷³ Af skírskotun til brýnna hagsmuna leiðir að vinnslan verður að tengjast hagsmunum sem geta haft grundvallarþýðingu fyrir hinn skráða, vinnslan um hinn skráða verður að vera það áriðandi að hún geti ekki beðið þann tíma sem það tekur til að afla slíks samþykkis.¹⁷⁴ Ákvæðið er að þessu leyti frábrugðið 4. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. um almennar persónuupplýsingar og á aðeins við ef hinn skráði getur ekki sjálfur veitt samþykki af einhverjum ástæðum en geti hann gefið samþykki en vilji það ekki þá tekur ákvæðið ekki til þess.¹⁷⁵ Opinberir aðilar geta ekki byggt á þessu ákvæði skv. c. lið. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar, en þar segir að vinnsla sé aðeins heimil til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings.

6.4. *Samtök sem hafa stjórnmalaleg, heimspekileg, trúarleg eða stéttarfélagaleg markmið og starfa ekki í hagnaðarskyni*

Ákvæði 4. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. tekur til vinnslu persónuupplýsinga sem er á vegum ýmiss konar félaga og samtaka en vinnslan verður að vera liður í lögmætri starfsemi samtakanna sem starfar ekki í hagnaðarskyni og hefur stjórnmalaleg, heimspekileg og trúarleg eða stéttarfélagaleg markmið enda taki vinnslan aðeins til meðlima eða fyrrum meðlima. Undir ákvæðið geta fallið samtök fólks með sama sjúkdóm, sömu lífsreynslu, stjórnmalaleg eða trúarskoðanir. Ákvæðið tekur hinsvegar ekki til einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana þó að yfirlýst stefna þeirra kunni að tengjast málefnum slíkra samtaka á einhvern hátt. Ákveðin skilyrði verður að uppfylla svo slíkum samtökum sé heimil vinnsla persónuupplýsinga.¹⁷⁶ Það eru í fyrsta lagi samtök með lögmæta starfsemi þ.e. að vinnsla persónuupplýsinga verður að þjóna málefnalegum tilgangi vinnslu skv. 1.

¹⁷¹ Athugasemd með 3. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 6.03.2019]

¹⁷² Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 331

¹⁷³ Vefsíða Evrópustofnunar grundvallamannréttinda. *Handbook on European data protection law*. bls. 164. slóð: <https://fra.europa.eu/en/publication/2018/handbook-european-data-protection-law>. Sótt á vefinn: 06.03.2019]

¹⁷⁴ Athugasemd með 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 06.03.2019]

¹⁷⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 331

¹⁷⁶ Ibid. bls. 336

mgr. 8. gr. pvl., í öðru lagi tekur vinnslan aðeins til félagsmanna eða einstaklinga sem fara eftir markmiðum samtakana eða hafa verið í reglubundnum tengslum við þau og í þriðja lagi verður vinnslan að vera nauðsynleg fyrir starfsemi þeirra.¹⁷⁷

6.5. *Upplýsingar sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberlegar*

Samkvæmt ákvæði 5. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. er heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar sem hinn skráði hefur augljóslega sjálfur gert opinberar. Ákvæðið er að mestu óbreytt frá fyrri lögum en örlítill viðbót bættist við ákvæðið þ.e. orðið *augljóslega*.¹⁷⁸ Ákvæðið er byggt á e. lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar sem er í anda þeirrar grunnreglu um að hver maður eigi að ráða sjálfur yfir eigin upplýsingum og þeim upplýsingum sem hann hyggst halda fyrir sig sjálfan eða deila með öðrum.¹⁷⁹

Hægt er að opinbera upplýsingar með ýmsum hætti en slíkt verður að gera með skilmerkilegum hætti þannig að upplýsingarnar séu kunngjörðar til tiltekins hóps manna t.d með því að greina frá upplýsingum um sig sjálfan í sjónvarpsviðtali eða ritun ævisögu.¹⁸⁰ Ákvæðið á ekki við ef hinn skráði hefur einungis miðlað upplýsingum innan hóps vina, félaga eða samstarfsmanna.¹⁸¹ Þær upplýsingar sem augljóslega hafa verið gerðar opinberar af hinum skráða er heimilt að vinna síðar án þess að sérstakt samþykki þurfi frá hinum skráða svo framarlega að gætt sé að meginreglum 1. mgr. 8. gr. pvl.¹⁸²

Þau tilfelli þegar hinn skráði gefur opinberlega til kynna viðkvæmar persónuupplýsingar um sig t.d. með því að mæta á borgaralegan mótmælafund með skilti sem vísar til stjórnmálaskoðana hans þarf að meta sérstaklega og þá með því hvort viðkomandi hafi ætlað að opinbera viðkvæmar persónuupplýsingar. Afleiðing slíkrar birtingar getur orðið til þess að ekki yrði lengur litið á þessar upplýsingar sem

¹⁷⁷ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 336

¹⁷⁸ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 6.03.2019]

¹⁷⁹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 342

¹⁸⁰ Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 6.03.2019]

¹⁸¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 342

¹⁸² Athugasemd með 5. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 6.03.2019]

trúnaðarupplýsingar sem þagnarskylda tæki til sem annars væri sanngjarnt væri og eðlilegt að færu leynt skv. 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.¹⁸³

6.6. *Stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur*

Í ákvæði 6. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. er að finna heimild til vinnslu, mælt er fyrir um vinnslu í því skyni að afmarka, setja fram og verja tiltekna kröfu vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.¹⁸⁴ Ákvæði 6. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða til þess að verja réttarkröfur.¹⁸⁵ Ákvæðið er byggt á lokamálslið e. lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar sem mælir fyrir um undanþágu frá banni við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg til að stofna, verja eða hafa uppi réttarkröfur. Vinnslan getur farið fram á vegum dómstóls, við meðferð stjórnsýslumáls eða málsmeðferðar utan réttar.¹⁸⁶

Stjórnvöld geta byggt á ákvæðinu ef vinnslan er nauðsynleg vegna lögmætrar stjórnsýslu eða við töku stjórnvaldsákvarðana eða vegna laganauðsynja og dæmi um slíkt gæti verið afhending gagna skv. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.¹⁸⁷ Ávallt verður að leggja mat á nauðsyn vinnslu með hliðsjón af eðli og efni þeirra upplýsinga sem unnið er með að hverju sinni. Matið samtinnast á því hvort mögulegt sé að rökstyðja eða afmarka kröfu án þess að vinnslan fari fram.¹⁸⁸ Kröfuhugtakið er skilgreint með eftirfarandi hætti:

Lögvarin heimild tiltekins aðila til þess að krefjast þess af öðrum aðila að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert.¹⁸⁹

Með lögvarinni kröfu þá getur eigandi kröfunnar fengið aðstoð dómstóla til að ná fram rétti sínum samkvæmt henni.¹⁹⁰ Ákvæðið getur átt við óháð því hvar mál er rekið hvort sem það er rekið fyrir stjórnvaldi, gerðardómi eða almennum dómstólum.¹⁹¹ Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga vegna laganauðsynjar er vinnsla sem nauðsynleg er fyrir töku stjórnvaldsákvarðana og lögmæta stjórnsýslu skv. 6. tölul. 1. mgr. 11. gr. pvl.

¹⁸³ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 343

¹⁸⁴ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 11. gr.laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 6.03.2019]

¹⁸⁵ Ibid.

¹⁸⁶ 52. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679, bls. 10

¹⁸⁷ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 347

¹⁸⁸ Ingvi Snær Einarsson (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. skv. 1. mgr. 9.gr. laga. nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 95

¹⁸⁹ Páll Sigurðsson (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. bls. 229

¹⁹⁰ Ólafur Jóhannsson (1952). *Lög og réttur*. bls. 180

¹⁹¹ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 353

Til dæmis getur vinnsla á viðkvæmum persónuupplýsingum verið nauðsynleg við meðferð máls hjá barnaverndaryfirvöldum, félagsmálayfirvöldum, lögreglu, saksóknara, tollayfirvöldum og Tryggingastofnun. Vinnsla stjórnvalds sem er nauðsynleg vegna lögmætrar stjórnsýslu fer eftir lögboðnu hlutverki þeirra og lagaheimildum þeim sem sem gilda um viðkomandi stjórnvald. Stjórnvaldi er síðan heimilt að miðla upplýsingum frá einu stjórnvaldi til annars ef vinnslan er nauðsynleg vegna meðferðar opinbers valds að uppfylltum einhverra af skilyrðum 11. gr. pvl. Slíkt dæmi gæti verið skilyrði um laganauðsyn sem er að finna í 1. mgr. 6. tl. 11. gr. pvl. sem gæti falist í miðlun frá einu sveitarfélags til annars sé það nauðsynlegt fyrir framkvæmd þess á lögmætri stjórnsýslu.¹⁹²

Í ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 er að finna skilyrði um laganauðsyn en þar mælir fyrir:

Vinumálastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.

Að því marki sem vinnsla telst nauðsynleg er ákvæðinu ætlað að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að vinna persónuupplýsingar til að samkeyra upplýsingar frá Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, lögreglu, skattayfirvöldum og Þjóðskrá.¹⁹³ Dæmi um framangreint má sjá í eftirfarandi álitu stjórnar Persónuverndar.

Álit stjórnar Persónuverndar 7. apríl 2011 (2011/377)

Skattrannsóknarstjóri hafði farið fram á aðgang að úrskurðum yfirskattanevndar í þeim tilgangi að hann gæti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Skattrannsóknarstjóri taldi að án slíks aðgangs væri embættinu erfitt að sjá hver gildandi réttur væri í skattamálum sem hafði mótast að leyti mótast af afstöðu yfirskattanevndar og því hefði verið nauðsynlegt að fá aðgang af þessum gögnum. Skattrannsóknarstjóri byggði heimild sína á 103. gr. tekjuskattslaga, sem kveður á um að skattrannsóknarstjóri fari með rannsóknir á sköttum og gjöldum sem lögð eru á skv. ríkiskattstjóra og þegar hann fer með rannsókn hafi hann aðgang að öllum framtölum og skýrslum sem eru í vörslu ríkisskattstjóra. Persónuvernd leit svo á að úrskurðir stjórnvalds væru opinber gögn sem almenningur hefði að jafnan aðgang að samkvæmt upplýsingalögum og undanþága frá aðgengi þeirra væru gögn sem varða einka- eða fjárhagsefni einstaklinga sem þykir eðlilegt og sanngjarnt að leynt færu. Úrskurðir stjórnvalda eru að alla jafna opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að sbr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, samkvæmt ákvæðinu var að finna heimild yfirskattanevndar til þess að veita Skattrannsóknarstjóra aðgang að úrskurðum sínum.

¹⁹² Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 348

¹⁹³ Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. þskj. 1268, 338. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/stjt/2008.078.html>. sótt á vefinn: 07.03.2019]

6.7. *Vinnsla í þágu almannahagsmuna*

Ákvæði 7. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um heimild til vinnslu með viðkvæmar persónuupplýsingar ef vinnslan er nauðsynleg vegna ástæðna sem varða almannahagsmuni að því gefnu að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni sem kveða á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða. Samsvarandi ákvæði er enn fremur að finna í g. lið 2. mgr. 9. gr. pvrgr. Persónuvernd getur veitt heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu almannahagsmuna skv. 31. gr. pvl.

Vinnsla í þágu almannahagsmuna er háð sérstöku leyfi Persónuverndar og er ekki heimil fyrr en vinnslan hefur verið athuguð og samþykkt af Persónuvernd með útgáfu sérstakrar heimildar, þar sem slík vinnsla getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðs einstaklings.¹⁹⁴ Til þess að Persónuvernd veiti slíkt leyfi verður ábyrgðaraðili að geta fullnægt skyldum sínum samkvæmt persónuverndarlögum og reglugerð (ESB) eða samkvæmt fyrirmælum Persónuverndar skv. 32. gr. pvl. Leyfi Persónuverndar er háð þeim skilyrðum að ábyrgðaraðili tryggi hagsmuni skráðs einstaklings til einkalífs eftir því sem kostur er.¹⁹⁵ Nánari umfjöllum um hugtakið almannahagsmuni er að finna í kafla 5.1.5.

Í 52. formálslið pvrgr. er meðal annars að finna frekari skýringar á almannahagsmunum og vinnslu þeirra og að slíkt geti verið á grundvelli vinnulöggjafar og löggjafar um félagslega vernd t.d lífeyri, heilbrigðisöryggi, vöktun og viðvaranir, forvarnir og varnir gegn sjúkdómum ásamt annarri alvarlegri heilsufarsógn. Einnig er þar kveðið á um að heimila megi vinnslu af heilbrigðisástæðum svo sem vegna lýðheilsu og stjórnunar heilbrigðisþjónustu einkum til að tryggja kostnaðarhagkvæmni þess verklags sem notað er við uppgjör á kröfum vegna bóta og þjónustu sjúkratryggingarkerfisins, vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna eða vegna rannsókna á sviði vísinda eða sem rannsókna á sviði sagnfræði eða þeirra sem gerðar eru í tölfræðilegum tilgangi.

¹⁹⁴ Athugasemd með 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/alttext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 8.03.2019]

¹⁹⁵ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 348

Í 53. formálslið pvrgr. er að finna skýringu á aukinni vernd persónuupplýsinga sem kveður á að aukin vernd þurfi að vera fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga þegar vinnslan fer fram í þágu heilsutengdra markmiða. Þegar nauðsyn þessara markmiða eru í þágu einstaklinga og samfélagsins alls í tengslum við stjórnun á heilbrigðis eða félagsþjónustu og kerfa eða vegna skjalavistunar í þágu almannahagsmuna eða sem rannsóknna á sviði sagnfræði eða sem gerðar eru í tölfræðilegum tilgangi, heimild verður að vera í sérlægum sem heimilar slíka vinnslu.

6.8. Vinnslan sé nauðsynleg til að fyrirbyggja sjúkdóma

Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um heimild til vinnslu með viðkvæmar persónuupplýsingar ef vinnslan er nauðsynleg til að fyrirbyggja sjúkdóma eða vegna atvinnusjúkdómalækninga og við mat á vinnufærni starfsmanns, sjúkdómsgreiningu og til að veita umönnun eða meðferð á sviði heilbrigðis- eða félagsþjónustu. Sérstök lagaheimild verður að vera fyrir vinnslunni sem framkvæmd er af starfsmanni slíkrar þjónustu sem bundinn er þagnarskyldu. Ákvæðið á einkum við í tengslum við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins en um vinnslu þessara upplýsinga er fjallað um í sérlægum t.d. í lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Ákvæðið hefur jafnframt mikla þýðingu við vinnslu upplýsinga um starfsmenn sem fer fram á vegum trúnaðarlækna á vinnustöðum.¹⁹⁶

6.9. Almannahagsmunir á sviði lýðheilsu

Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um heimild til vinnslu ef vinnslan er nauðsynleg vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu, vegna alvarlegra heilsufarsógnna eða til að tryggja öryggi heilbrigðisþjónustu, lyfja og lækningartækja. Þá er áskilið að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni og að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til að vernda hagsmuni og grundvallarréttindi hins skráða. Samkvæmt ákvæði c. lið 3. mgr. 17. gr. pvrgr. er heimilt að takmarka rétt hins skráða skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. pvrgr. með vísun til almannahagsmuna á sviði lýðheilsu sbr. 9. gr. pvrgr., meðal slíkra almannahagsmuna má nefna aðferðir við að rekja smitleiðir sjúkdóms¹⁹⁷ eða upplýsingar sem notaðar eru í þágu vísindarannsóknna.¹⁹⁸

¹⁹⁶ Athugasemd með 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 8.03.2019]

¹⁹⁷ 112. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679. bls. 20

¹⁹⁸ 159. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679. bls. 28

Samkvæmt 54. formálslið pvrgr. getur verið nauðsynlegt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsinga vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu án samþykkis skráðs einstaklings. Slík vinnsla verður að vera með þann fyrirvara á að viðeigandi og sérstakar ráðstafanir séu hafðar í fyrirrúmi til að standa vörð um réttindi og frelsi hins skráða.

6.10. Nauðsyn vinnslu vegna tölfræði-, sagnfræði-, eða vísindarannsóknna

Ákvæði 10. tl. 1. mgr. 11. gr. pvl. mælir fyrir um heimild á vinnslu með viðkvæmar persónuupplýsingar ef vinnslan er nauðsynleg vegna tölfræði-, sagnfræði-, eða vísindarannsóknna og við slíka vinnslu verður að gera ráðstafanir til að tryggja persónuvernd í samræmi við persónuverndarlögin. Lagaheimild verður að vera fyrir vinnslu sem kveður á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda hagsmuni og grundvallaréttindi hins skráða. Slík vinnsla getur verið nauðsynleg vegna verks sem er unnið í þágu almannahagsmuna skv. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl, en skilyrðið er að vinnslan sé nauðsynleg vegna rannsókna og verður því að gæta meðalhófs og að ekki sé unnið með meiri upplýsingar en sem til þarf vegna vinnslunnar og að slíkar upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en nauðsyn krefur.

Dæmi um slíkt að finna í 1. gr. laga nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði þar kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að vönduðum vísindarannsóknnum á heilbrigðissviði og að tryggja hagsmuni þátttakenda. Hugtakið lýðheilsa er skilgreint í reglugerð EB nr. 1338/2008, það tekur til allra heilsufarstengdra þátta m.a. sjúkdómstilvika og fötlunar, ákvarðandi þætti sem hafa áhrif á heilsufar eða nauðsyn til heilbrigðisþjónustu og fjármagns sem veitt er til heilbrigðisþjónustu og vegna dánarorsakar. Vinnsla heilsufarsupplýsinga í þágu almannahagsmuna ætti ekki að leiða til vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilgangi af hálfu þriðja aðila t.d. vinnuveitenda, tryggingarstofnanna eða fjármálastofnana.¹⁹⁹

Öryggi á vinnslu á vegum rannsókna verður að tryggja með tilteknum ráðstöfunum svo heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim upphaflega þ.e. tölfræði-, sagnfræði-, eða vísindalegum tilgangi sbr. 2. tl. 8. gr. pvl.²⁰⁰ Með tilteknum ráðstöfunum er vísað til aðgerða á borð við dulkóðun eða eyðingu

¹⁹⁹ EB- reglugerð nr. 1338/2008. slóð: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32008R1338> sótt þann 10.03.2019]

²⁰⁰ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 365

persónuauðkenna sem og annarra nauðsynlegra ráðstafanna.²⁰¹ Með notkun gerviauðkenna er ætlað að draga úr áhættu á hins skráða og einnig auðveldað ábyrgðaraðila að uppfylla skyldur sínar við vinnslu.²⁰²

²⁰¹ Athugasemd með 10. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. sótt á vefinn: 12.03.2019]

²⁰² 28. formálsliður reglugerðar (ESB) 2016/679. bls. 5

7. Friðhelgi einkalífs

Íslenskar réttarreglur líkt og alþjóðlegar skuldbindingar og Evrópureglur um persónuvernd eru byggðar á þeirri forsendu að persónuupplýsingar eru þáttur í friðhelgi einkalífs hvers einstaklings og teljast til grundvallarmannréttinda. Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 var hugtakið *friðhelgi einkalífs* fest sessi í 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 en fyrir þann tíma náði verndin aðeins til friðhelgi heimilis. Í athugasemdum með 9. gr. nr. 97/1995 segir m.a. að í beinni reglu um friðhelgi einkalífs felist að á ríkinu hvíli skylda til að binda í löggjöf sína skýrar reglur um öflun, skráningu og meðferð persónuupplýsinga hvort sem þær eru unnar af hálfu stjórnvalda eða einkaaðila.²⁰³

Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Ákvæði 8. gr. sáttmálans hefur að geyma samsvarandi ákvæði og er að finna í 71. gr. stj.skr. Hugtakið friðhelgi einkalífs kemur fram í 1. mgr. 71. gr. stj.skr. Þar kemur fram að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Friðhelgi einkalífs felur í sér fyrst og fremst rétt manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Einnig er litið svo á að tilfinningarlíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu.²⁰⁴

Með því að setja fram beina reglu um friðhelgi einkalífs í 1. mgr. 71. gr. stj.skr. er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að sú skylda hvíli á ríkinu að forðast afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum þeirra. Þessi skylda tekur bæði til beinna afskipta handhafa opinbers valds og jafnframt lagasetningar um málefni borgaranna. Í öðru lagi er að litið til þess að hættan á að friðhelgi manna sé rofin stafi ekki einungis frá ríkinu heldur einnig frá öðrum einstaklingum og einkaaðilum. Krafan um friðhelgi einkalífs felur ekki aðeins í sér að ríkið gangi ekki á þennan rétt borgaranna heldur að ríkinu sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Ákvæðið leggur ákveðnar skyldur á ríkið til lagasetningar sem felur í sér annars vegar að veita þessum réttindum manna vernd með ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hins vegar að binda í löggjöf skýrar reglur um öflun, skráningu og meðferð

²⁰³ Vefsíða Stjórnarlagaráðs. (án dags). *Greinargerð með frumvarpi*. Slóð.

http://stjornlagarad.is/servlet/file/Greinargerð+með+manneréttindaákvæði+stj.skr.+1995.pdf?ITEM_ENT_ID=33078&ITEM_VERSION=1&COLLSPEC_ENT_ID=98&fbclid=IwAR3cQXoPJvrMQd6GhMQx6S56lcXx32b7dd1Ch1Qi5rFqFRqGzuo2QYs_6Gg. Sótt á vefinn: 26.04.2019]

²⁰⁴ Vefsíða Stjórnarlagaráðs. (án dags). *Greinargerð með frumvarpi*. slóð.

http://stjornlagarad.is/servlet/file/Greinargerð+með+manneréttindaákvæði+stj.skr.+1995.pdf?ITEM_ENT_ID=33078&ITEM_VERSION=1&COLLSPEC_ENT_ID=98&fbclid=IwAR3cQXoPJvrMQd6GhMQx6S56lcXx32b7dd1Ch1Qi5rFqFRqGzuo2QYs_6Gg. Sótt á vefinn: 26.04.2019]

persónuupplýsinga hvort sé um að ræða meðferð stjórnvalda eða einstaklinga á upplýsingum og rétt einstaklings til aðgangs að eigin persónuupplýsingum.²⁰⁵

Til þess að gera réttindin raunhæf er nauðsynlegt að þeim sé veitt lagavernd þar sem sérstök hættu getur skapast á því að brotið verði gegn friðhelgi einkalífs manns þegar upplýsingum er safnað um persónulega hagi hans.²⁰⁶ Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (Hér eftir „hgl“) er að finna ýmis ákvæði sem veita einstaklingum tiltekna vernd til friðhelgi einkalífs. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 228. gr. hgl. getur það varðað refsingu ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð. Í ákvæði 1. mgr. 229. gr. hgl. kemur fram að það getur einnig varðað refsingu ef skýrt er opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi sem réttlæta verknaðinn. Í ákvæði 1. mgr. 230. gr. hgl. er mælt fyrir um refsíabýrgð á þá sem eiga- starfs síns vegna að gæta þagmælsku um einkamálefni sem leynt eiga að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

Dómstólar hafa staðfest í framkvæmd að ákvæði 1. mgr. 71. stjkskr. veiti sérhverjum manni friðhelgi til einkalífs að þessu leyti.

Það má sjá í *Hrd. 27. nóvember 2003 (151/2003)* Þar var fjallað um álitafni sem tengdust hinum miðlæga gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Málavextir voru þeir að kona krafðist þess að synjun landlæknis yrði ógild með dómi á beiðni hennar um að ekki yrðu færðar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, heilsufarsupplýsingar sem skráðar höfðu verið í sjúkraskrá um látinn föður hennar. Hún gat óskað eftir því að upplýsingar um hana yrðu ekki færðar í gagnagrunninn en ekki var kveðið á um samsvarandi heild varðandi að aðili gæti komið í veg fyrir að upplýsingar um látið foreldri færðust í grunninn sbr. ákvæði 8. gr. laga. nr. 139/1998 um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Því hafði landlæknir synjað beiðni hennar. Konan byggði kröfur sínar á því að hún ætti persónulegra hagsmuna að gæta að upplýsingar um föður hennar yrðu ekki færðar í gagnagrunninn þar sem sem arfgegnir eiginleikar föðursins gætu átt við hana líka. Í forsendum sínum tók Hæstiréttur af öll tvímæli um að 71. gr. stjórnarskrár tæki til þeirra heilbrigðisupplýsinga sem færu inn í grunninn og féllst á það að hún gæti vegna friðhelgi einkalífs síns haft persónulega hagsmuni af því að koma í veg fyrir að heilsufarsupplýsingar um föður hennar yrðu færðar í gagnagrunninn, þar sem arfgegnir eiginleikar föðursins gætu átt við um hana líka.

²⁰⁵ Þorgeir Örlygsson (1997). Rökstólar meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 2. tbl. bls. 485

²⁰⁶ Björg Thorarensen. (2009). *Um lög og rétt- helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík: Bókauktáfan Codex. bls. 87

Um gildisvið 71. gr. stjkskr. kemur fram í *Hdr. 25. febrúar 1999 (252/1998)*

Þar var rithöfundur sakfelldur fyrir hlutdeild í broti læknis samkvæmt 230. gr. hgl. fyrir að hafa átt í samvinnu við geðlækni og birt frásögn hans af einkamálefnum sjúklings hans. Í málinu þóttu engir hagsmunir réttlæta að gengið yrði svo harkalega á friðhelgi einkalífs. Þar sagði Hæstiréttur að vernd persónuupplýsinga sé nauðsynleg til að menn fái notið þeirra réttinda sem varin eru með ákvæðum 71. gr. stjkskr.

Skýrar reglur er að finna í persónuverndarlögum er snúa að heimildum til söfnunar og meðferðar persónuupplýsinga og fer Persónuvernd með eftirlit með framkvæmd laganna. Persónuverndarlögin snúa með tvenns konar hætti að vernd hinna skráðu til friðhelgi einkalífs sem felst meðal annars vegar í opinberu eftirliti persónuverndar og hins vegar að rétti einstaklingsins.²⁰⁷

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru ekki alveg takmarkalaus og er í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skerða þessi réttindi og er skilyrðum takmarkana lýst í lýst í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr.²⁰⁸ Ákvæði 2. mgr. 71. gr. stjkskr. kveður á að ekki megi gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum. Svo slík aðgerð sé heimil verður annað hvort að liggja fyrir sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður.²⁰⁹ Ákvæði 3. mgr. 71. gr. stjkskr. mælir fyrir um að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé heimilt með sérstakri lagaheimild að takmarka friðhelgi fjölskyldu og heimilis ef brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra.²¹⁰ Takmörkun með sérstakri lagaheimild er átt við sett lög frá Alþingi.²¹¹ Dómsmál hafa komið upp sem snýr að hvort stjórnvald hafi brotið á þeim réttindum sem stjórnarskránni er ætlað að vernda skv. 1. mgr. 71. gr. stjkskr. og jafnframt hvort stjórnvald hafi gengið of langt við beitingu lagaheimilda til að takmarka réttindi skv. 2. mgr. 71. gr. stjkskr. Við mat á slíku hafa efnisreglur stjórnisýslulaga nr. 37/1993 komið til skoðunar og þá sérstaklega meðalhófsreglan sem kemur fram í 12. gr. stjórnisýslulaga. samkvæmt henni skal stjórnvald aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmæltu markmiði sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru vægara móti. Gæta verður að ekki sé gengið lengra en nauðsyn ber til. Stjórnvald ber skylda að velja vægasta úrræðið þegar fleiri en ein leið er til að ná tilteknu markmiði.²¹²

²⁰⁷ Björg Thorarensen (2008). *Mannréttindi*. bls. 292

²⁰⁸ Björg Thorarensen. (2009). *Um lög og rétt- helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex. bls. 88

²⁰⁹ Björg Thorarensen (2008). *Mannréttindi*. bls. 294

²¹⁰ Ibid. bls. 295

²¹¹ Ibid. bls. 294

²¹² Ibid. bls. 297

Dæmi um framangreint má sjá í eftirfarandi dómi Mannréttindardómstóls Evrópu.

MDE, Leander gegn Svíþjóð, 26. mars 1987 (9248/81)

Þar hafði kærandi í málinu misst starf sitt hjá sænska sjóhernum eftir að hermálayfirvöld höfðu fengið upplýsingar um hann úr lögregluskrám. Kærandi krafðist aðgangs af þessum lögregluskrám en hafði verið hafnað á grundvelli þjóðaröryggis. Dómstóllinn staðfesti að leynileg söfnun og skráning persónuupplýsinga um einstakling hjá lögreglu og synjun á aðgangi hans á slíkum upplýsingum fæli í sér takmörkun á rétti viðkomandi til að njóta friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn taldi þó þessa takmörkun á réttindum kæranda ekki vera úr hófi miðað við það markmið sem hún stefndi að. Einnig þótti sýnt fram á að öryggi upplýsinganna væri nægilega tryggt gagnvart misnotkun og hafi því ekki verið brotið gegn réttindum kæranda til friðhelgi einkalífs.

7.1. Þagnarskylda

Stjórnvöld búa yfir miklu safni upplýsinga og er stór hluti þeirra þess eðlis að ekki er ástæða til þess að halda þessum upplýsingum leyndum. Þar sem eðlilegt þykir að almenningur geti fylgst með þeim gögnum sem koma að störfum hins opinbera. Þó geta verið undantekningar sem eru nauðsynlegar og kemur þá til þagnarskyldureglna sem hvíla á opinberum starfsmönnum. Tilgangur þagnarskyldureglunnar innan stjórnsýslunnar er ætlað að tryggja ákveðna vernd hagsmuna er varða meðferð upplýsinga, slíka vernd er að finna í lagaákvæðum sem fela í sér fyrirmæli um trúnað um ákveðnar upplýsingar.²¹³

Verndartilganginn er m.a. að finna í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindarsáttmála Evrópu, þessum ákvæðum er ætlað að tryggja vernd upplýsinga sem stjórnvöld hafa undir höndum. Sjá má nánari umfjöllun um verndarákvæðin hér að ofanverðu. Almennar þagnarskyldureglur geta haft vítt gildissvið sem tekur til allrar stjórnsýslunnar eða stórs hluta hennar m.a. í 2. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar segir:

Starfsmenn sveitarfélaga og aðrir sem sveitarfélög ráða til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Einnig er að finna sambærilegt ákvæði í 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Almennar þagnarskyldureglur eru reglur sem mæla fyrir með almennum hætti að áhvílandi þagnarskylda sé á starfsmönnum hins opinbera að farið

²¹³ Trausti Fannar Valsson (2015) *Upplýsingaréttur og þagnarskylda*. Stjórnsmál & stjórnsýsla. 2. tbl. 11. árg. bls. 294

²¹³ Athugasemd með 5. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html> sótt á vefinn: 19.03.2019]

sé leynt með upplýsingar án þess að tilgreint hvaða upplýsingar það eru sem halda trúnað um og án þess að tilgreina hvaða hagsmuni reglan eigi að vernda.²¹⁴ Samkvæmt hinni almennu þagnarskyldu reglu 18. gr. laga nr. 70/1996 verður að meta hvaða upplýsingar eru almennt taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt sjónarmiðum upplýsingalaga og persónuverndarlaga.²¹⁵

²¹⁴ Trausti Fannar Valsson (2015) *Upplýsingaréttur og þagnarskylda*. Stjórnmal & stjórnsýsla. 2. tbl. 11. árg. bls. 297

²¹⁵ *Ibid.* 297

8. Heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga

Stjórnarskrá Íslands er aðalheimildin í íslenskri stjórnskipun sem samþykkt var með stjórnarskrárlögum nr. 33/1944.²¹⁶ Skipting ríkisvaldsins kemur fram í 2. gr. stjórnarskrárinnar sem skiptist upp í þrjá þætti löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald.²¹⁷ Meginmarkmið þrískiptingar er að tryggja ákveðna valddreifingu þar sem ólíkir valdhafar tempra vald hvors annars²¹⁸ þar sem þessum greinum ríkisvaldsins er falið ákveðið vald sem þeir hafa einkarétt á að beita innan valdheimilda sinna.²¹⁹

Hafi meðferð opinbers valds verið falið þriðja aðila með annaðhvort þjónustu samningi eða ytra valdframsali þá myndi sá aðili hafa heimild til að viðhafa nauðsynlega vinnslu persónuupplýsinga ef hún er nauðsynleg við beitingu þeirrar opinberu valdheimildar sem honum hefur verið falið.²²⁰ Almennt gildir sú regla að stjórnvald verður að sækja valdheimildir sínar til laga. Að sama skapi er stjórnvaldi heimilt að vinna með persónuupplýsingar til þess að þjóna almannahagsmunum eða við beitingu opinbers valds. Vinnsluheimildin verður hins vegar skv. 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. pvl. að leiða af ákvæðum laga þar sem greint er um heimildir viðkomandi stjórnvalds til beitingar opinbers valds eða vegna almannahagsmuna.²²¹

Stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga heyrir undir framkvæmdarvaldið. Hugtakið *stjórnsýsla* tekur til allrar þeirrar starfsemi sem stjórnvöld fara með. Stjórnsýslunni er annars vegar hægt að skipta í stjórnsýslu í rýmri merkingu og hinsvegar í stjórnsýslu í þrengri merkingu. Þegar fjallað er um stjórnsýslu í þrengri merkingu þá er átt við að stjórnvald komi fram í krafti opinbers valds og tekur ákvarðanir um réttindi og skyldur manna. Stjórnsýsla í rýmri merkingu tekur til annarra starfa hins opinbera t.d sem snýr að ákveðinni þjónustu hins opinbera.²²² Vinnsla stjórnvalda á persónuupplýsingum verður að styðjast við ákvæði 9. gr. pvl. sem tekur til vinnslu almennra persónuupplýsinga en auk þess verður einhver af heimild 11. gr. pvl að vera uppfyllt ef

²¹⁶ Björg Thorarensen (2009). *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. bls. 23

²¹⁷ *Ibid.* bls. 101

²¹⁸ Björg Thorarensen (2009). *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. bls. 28

²¹⁹ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 216

²²⁰ Athugasemd með 6. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. þskj. 399, 280. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/125/s/0399.html>. Sótt á vefinn: 01.03.2019]

²²¹ Þuríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Úlfjótur*, 1. tbl. bls. 217

²²² Vefsíða stjórnarráðsins. Skýrsla nefndar um rafræna stjórnsýslu. bls. 5. slóð:

https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/skyrsla_pdfdreg.pdf. Sótt á vefinn: 19.03.2019]

um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Stjórnvald verður ávallt að fylgja meginreglum 8. gr. pvl. við vinnslu persónuupplýsinga, hvort sem þær teljast til almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga. Eins og fram hefur komið verða stjórnvöld að starfa innan valdheimilda sinna og verður vinnsluheimild stjórnvalda að byggjast á lagaheimild þegar hún framfylgir lögbundinni starfsemi sinni en ekki á samþykki hins skráða.²²³

Í f. lið 1. mgr. 6. gr. pvrgr. er að finna heimild til vinnslu almennra persónuupplýsinga á grundvelli lögmætra hagsmuna en heimildin tekur ekki til opinbera aðila við störf sín. Þó er ekki útilokað að stjórnvöld geti byggt vinnsluheimild sína á samþykki eða lögmætum hagsmunum ef umrædd vinnsla fer ekki fram við í beinum tengslum við lögbundin störf þeirra. Heimildir stjórnvalda verða almennt að byggjast á lagaskyldu sem hvílir á stjórnvaldi eða á nauðsyn vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem stjórnvald fer með. Um þetta atriði vísast nánar til 5. kafla hér að framan. Aðrar heimildir geta þó einnig komið til greina t.d. nauðsyn vinnslu til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Stjórnvöld verða þó ávallt ganga úr skugga að fullnægjandi heimildir séu fyrir vinnslu áður en vinnsla hefst.²²⁴

8.1. Heimildir í sérlögum

Gildisvið persónuverndarlaganna gagnvart öðrum lögum kemur fram í 1. mgr. 5. gr. pvl. Ákvæðið er mjög víðtækt og tekur til hvers kyns vinnslu persónuupplýsinga sem og til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt öðrum lögum nema annað sé tilgreint samkvæmt þeim. Þannig geta sérákvæði annarra laga gengið framar ákvæðum laga um persónuvernd á grundvelli lögskýringarsjónarmiðsins um *lex specialis*.²²⁵

Kveðið getur verið á um heimild í sérlögum til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga en löggjafinn hefur takmarkað svigrúm til þess að veita slíkar heimildir þar sem friðhelgi einskalífs er varið skv. 71. gr. stjksr. Vegna verndar þeirrar sem kveðið er á

²²³ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/fyrirtaeki-og-stjornsysla/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/vinnsla-personuupplýsinga-hja-stjornvoldum-1>. Sótt á vefinn 5.03.2019]

²²⁴ Vefsíða Persónuverndar. Fræðsluefni fyrir persónuverndarfulltrúa bls. 16. slóð: <https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Fraedsluefni-fyrir-personuverndarfulltrua-2.-utgafa.pdf>. Sótt á vefinn: 19.03.2019]

²²⁵ Athugasemd með 1. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 19.03.2019]

um í 71. gr. stjkskr. verða hagsmunir annarra ekki taldir brýnir nema að teknu tilliti til hagsmuna hins skráða.²²⁶

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga getur verið þáttur í lögbundnu hlutverki aðila t.d. þegar stjórnvald aflar upplýsinga í tengslum við stjórnvaldseftirlit og slíkt ákvörðunarvald felst í því hlutverki sem stjórnvaldið gegnir samkvæmt lögum.²²⁷ Í ýmsum sérlögum er tryggður réttur manns til aðgangs að gögnum sem varða hagsmuni hans og eða réttur til að njóta trúnaðar um persónuleg málefni sín.

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 mælir fyrir um rétt aðila að stjórnsýslumáli til að kynna sér skjöl og önnur gögn sem varða málefni hans. Þá veitir ákvæði 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 víðtækan rétt til aðgangs að gögnum sem eru til meðferðar hjá stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en þó er að finna ákveðnar takmarkanir á upplýsingaréttinum²²⁸ en um þetta er fjallað nánar í kafla 8.2.

Ákvæði 14. gr. laga um sjúkraskrár nr. 55/2009 mælir fyrir um rétt sjúklings til aðgangs að eigin sjúkraskrá en rétturinn til aðgangs að sjúkraskrám kom inn með ákvæði 16. gr. þágildandi læknalaga nr. 53/1998 en fyrir þann tíma voru ágreiningsmál sem tengdust afhendingu sjúkraskráa lögð fyrir dómstóla án þess að staðfest væri að slíkur réttur væri stjórnarskrárvarinn.²²⁹ Ýmis álitafni varðandi gildi lagaákvæða geta komið upp vegna takmörkunar til aðgangs að eigin persónuupplýsingum vegna hagsmuna annarra. Slíkt dæmi má sjá í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa til stofnfrumurannsókna. Þar mælir fyrir að kynfrumugjafi geti óskað nafnleyndar er hann gefur kynfrumu til tæknifrjóvgunar. Svo í ákvæði 27. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999 er mælt fyrir um rétt kjörbarna eftir að þau hafa náð 18 ára aldri að fá upplýsingar um hverjir eru kynforeldrar þeirra eða fyrri kjörforeldrar sbr. 2. gr. laga nr. 76/2003 um barnalög, þar mælir fyrir um rétt barns að þekkja báða foreldra og skyldu móður til að feðra barn sitt.²³⁰

²²⁶ Sigrún Jóhannesdóttir (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. bls. 365

²²⁷ Álit 29. gr. starfshópsins. nr. 1/2010. on the concepts of “controller” and “processor” bls. 10

²²⁸ Björg Thorarensen (2017). *Mannréttinasáttmáli Evrópu*. bls. 326

²²⁹ Björg Thorarensen (2008). *Mannréttindi*. bls. 292

²³⁰ Björg Thorarensen (2017). *Mannréttinasáttmáli Evrópu*. bls. 326

8.2. *Aðgangsréttur almennings að upplýsingum hjá stjórnvaldi*

Réttur almennings að upplýsingum um stjórnsýslumál er að finna í upplýsingalögum nr. 140/2012 (Hér eftir „uppl“). Ákvæði upplýsingalaga kveða á um aðgang almennings að gögnum hjá stjórnvöldum og þá skyldu stjórnvalds að afhenda gögn þegar leitað er eftir þeim. Með þessu er ætlað að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna samkvæmt markmiði laganna.²³¹ Grunnreglur upplýsingalaga skiptast í tvo þætti sem felast annars vegar í aðgangi almennings að upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda og hins vegar að aðgangi aðila að upplýsingum sem varða hann sjálfan í öðrum tilvikum en þeim sem fjalla undir stjórnsýslulögin.²³²

Ákvæði 1. mgr. 2. gr. uppl. tekur til allrar starfsemi stjórnvalda og lögaðila sem eru í 51% eða meira í eigu hins opinbera. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. pvl. mælir fyrir að persónuverndarlögin takmarki ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir í upplýsingalögum eða stjórnsýslulögum. Þó eru ákveðin mörk sett á aðgang almennings að gögnum stjórnvalda til verndar viðkvæmum einka- og almannahagsmunum. Ekki er hinsvegar alltaf ljóst hvaða hagsmunir séu það viðkvæmir að sanngjarnt sé og eðlilegt að leynd hvíli yfir þeim.²³³

8.2.1. *Upplýsingaréttur almennings*

Í 1. mgr. 5. gr. uppl. kemur meginreglan fram um upplýsingarétt almennings. Ef almenningur óskar eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum hjá stjórnvaldi sem varðar tiltekið mál er stjórnvaldi skylt að veita almenningi slíkan aðgang með þeim takmörkunum sem koma fram í 6. - 10. gr. uppl.²³⁴ Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. uppl. tekur ákvæðið til allra gagna sem málið varðar og í hvaða formi sem þau eru. Í ákvæði 6. gr. uppl. er að finna þau gögn sem eru undanskilin upplýsingarétti stjórnvalds undir það falla hin ýmsu vinnuskjöl og fundargerðir sem snúa að starfsemi stjórnvalds.

²³¹ Trausti Fannar Valsson (2015) Upplýsingaréttur og þagnarskylda. *Stjórnmal & stjórnsýsla*. 2. tbl. 11. árg. bls. 298

²³² Athugasemd með 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 16.03.2019]

²³³ Páll Hreinsson (1996) *Upplýsingalög- kennslurit*. bls. 53

²³⁴ Athugasemd með 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 20.03.2019]

Stjórnvaldi er heimilt er að undanskilja tiltekin gögn upplýsingarétti ef upplýsingar er að finna í þeim sem eru þess eðlis að rétt þykir að þær fari leynt.²³⁵

8.2.2. *Takmörkun á upplýsingarétti*

Í ákvæði 1. mgr. 9. gr. uppl. er að finna takmörkun á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila. Ekki er heimilt að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem þykir sanngjarnt og eðlilegt að fari leynt nema að samþykki liggja fyrir hjá þeim sem á í hlut. Einnig gilda sömu aðgangstakmarkanir að gögnum sem varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja.

Ákvæðið hefur að geyma svokallaða vísireglu um hvenær takmarka eigi aðgang að upplýsingum er varða einkahagsmuni. Stjórnvald sem fer með ákvörðunarvald, leggur mat á umbeðin gögn með tilliti til þess, hvort þau séu þess eðlis að rétt þyki að undanskilja þau aðgengi almennings. Við mat á upplýsingum er tekið mið af því hvort tilteknar upplýsingar teljist viðkvæmar samkvæmt almennum sjónarmiðum og hvort þær eigi erindi til almennings. Stjórnvöld verða ávallt að meta hvort um sé að ræða hagsmuni sem njóta verndar samkvæmt ákvæðinu. Ekki eru tilgreint nákvæmlega í athugasemd með ákvæðinu hvaða sjónarmið stjórnvöld þurfa að leggja til grundvallar við mat á hvaða einkamálefni einstaklinga réttlæti undanþágu frá upplýsingarétti en sérreglur um þagnarskyldu geta þó komið í veg fyrir að heimilt sé að veita aðgang að slíkum upplýsingum. Ríkari takmörkun er í upplýsingalögum sem varða einkamálefni einstaklinga heldur en upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni fyrirtækja.²³⁶

Markmið fyrrgreinds ákvæðisins er að vernda friðhelgi einkalífs og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni einstaklinga og fyrirtækja.²³⁷ Stjórnvaldi getur reynst erfitt að tilgreina nákvæmlega hvaða sjónarmið þau eigi að leggja til grundvallar við mat á því hvaða einkamálefni einstaklinga eigi að vera undanþegin frá upplýsingarétti. Þá geta reglur um þagnarskyldu komið í veg fyrir að upplýsingar verði afhentar. Samkvæmt persónuverndarlögunum eru allar persónuupplýsingar undanþegnar

²³⁵ Athugasemd með 9. gr. laga nr. 140/2012. Frumvarp til upplýsingalaga. þskj. 223, 215. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altxt/141/s/0223.html>. sótt á vefinn 20.03.2019].

²³⁶ Páll Hreinsson. (1996). *Upplýsingalögin*. bls. 62

²³⁷ Páll Hreinsson. (1996). *Upplýsingalögin*. bls. 61

aðgangsrétti almennings og verða því skilyrði 9. gr. og 11. gr. pvl. að vera uppfyllt sem og meginreglur 8. gr. pvl. svo heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar.²³⁸

8.2.3. *Birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalds*

Samkvæmt ákvæði 11. gr. uppl. er heimilt að veita ríkari aðgang að gögnum ef aðrar lagareglur koma ekki í veg fyrir slíka afhendingu t.d. ákvæði um þagnarvernd og persónuvernd. Ákvæði 13. gr. uppl. mælir fyrir um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda en samkvæmt ákvæðinu ber stjórnvöldum að veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína s.s. með rafrænni útgáfu skýrslna, samanburð um mikilvæg verkefni eða með útgáfu annarra gagna, sem og skyldu stjórnvalds að birta gögn að eigin frumkvæði sem sætir þó ákveðnum takmörkunum skv. 9. gr. upplýsingalaga. Skoða verður 13. gr. upplýsingalaga í samhengi við 9. gr. þeirra þar sem mælt er fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjart og eðlilegt sé að leynt fari.

Þá segir í 2. mgr. 13. gr. uppl. að stjórnvöld skuli vinna markvist að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin skulu sjálf aðgengileg með rafrænum hætti. Hið sama eigi við um gagnagrunna og skrár. Gæta verður þess að birting fari ekki gegn einka- eða almannahagsmunum. Í athugasemdum með 1. mgr. 13. gr. upplýsingalaga²³⁹ kemur fram að stjórnvöld skuli veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína með útgáfu skýrslna eða samantekt sem varða mikilvæg verkefni og birtingu annarra gagna er varða störf þeirra. Með þessu er ætlað að upplýsa almenning um störf stjórnsýslunnar og veita þeim aðgang að gögnum einstakra mála. Jafnframt kom það fram við gerð frumvarpsins að ekki væri rétt að lögfesta almenna reglu um skyldu stjórnvalds til að birta opinbera lista eða málsskjöl sem þau hefðu undir höndum þar sem íslensk stjórnsýsla væri ekki undirbúin fyrir svo miklar breytingar á starfsháttum en hinsvegar sagði að stjórnvöld skyldu vinna markvist að þessari breytingu.²⁴⁰

²³⁸ Athugasemd með 1. mgr. 9. gr. laga nr. 140/2012. Frumvarp til upplýsingalaga. þskj. 223, 215. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/141/s/0223.html>. sótt: 21.02.1019]

²³⁹ Athugasemd með 1. mgr. 13. gr. laga nr. 140/2012. Frumvarp til upplýsingalaga. þskj. 223, 215. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/141/s/0223.html>. sótt: 21.02.1019]

²⁴⁰ Ibid.

Að framanverðu leiðir að birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalds skv. 13. gr. uppl verði að fara eftir ákvæðum persónuverndarlaga sem felur í sér að vinnsla persónuupplýsinga sem felst í birtingu verður að falla undir eitthvert heimildarákvæða sem koma fram í 9. gr. persónuverndarlaga. Helst verður fundin stoð fyrir slíkri birtingu er því varðar persónuupplýsingar í ákvæðum 5. tl. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. pvl. að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða vegna lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallaréttindi og frelsi hins skráða sem og meginreglum 8. gr. pvl.²⁴¹

Í eftirfarandi ákvörðun Persónuverndar var fjallað um birtingu skýrslu á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands. Markmið með birtingu skýrslunnar var að stuðla að opinberri birtingu á úttekt á störfum hins opinbera stjórnvalds með því markmiði að veita almenningi upplýsingar um starfsemina. Skýrslan innihélt m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar sem ekki höfðu verið afmáðar úr skýrslunni fyrir birtingu hennar.

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 11. mars 2019 (2018/ 1514)

Persónuvernd hóf frumkvæðisathugunarmál vegna birtingu skýrslu á vef Stjórnarráðs Íslands sem bar fyrirsögnina „Úttekt á málsmeðferð og efnislegri athugun ráðuneytisins í kjölfar kvartana barnaverndarnefndarnefnda í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi vegna Barnaverndarstofu og forstjóra hennar” Umrædd skýrsla hafði verið birt opinberlega á vef Stjórnarráðsins og í henni kom fram umfangsmikil umfjöllun um tiltekið mál sem hafði verið til meðferðar hjá barnaverndarnefnd. Þar komu m.a. fram ítarlegar aðstæður viðkomandi fjölskyldu og hvaða sveitarfélagi þau bjuggu í, heilsufarsupplýsingar og fleira. Þær upplýsingar sem komu þar fram voru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Persónuvernd tók m.a. fram í úrlausn sinni að til persónuupplýsinga teldust þær upplýsingar sem hægt væri að auðkenna á grundvelli samanlagðra breyta þó að engin ein þeirra myndi nægja ein og sér til auðkenningar. Þessar breytur fælu í sér persónuupplýsingar og gætu slíkar upplýsingar talist persónuupplýsingar skv. lögum ef unnt væri að nota slíkar upplýsingar með einfaldri leit á netinu til þess að auðkenna hinn skráða. Niðurstaða Persónuverndar var að birting skýrslunnar á vef Stjórnarráðsins hefði verið óheimil. Persónuvernd tók jafnframt fram að birting skýrslna sem feli í sér úttekt á störfum opinberra stjórnvalda gæti verið til hagsmuna fyrir almenning en gæta þyrfti þess við birtingu á slíkri skýrslu hvaða persónuupplýsingar væri rétt að afmá í þágu þeirra almannahagsmuna sem stefnt væri að með birtingunni.

²⁴¹ Vefsíða Persónuverndar. *Ársskýrsla Persónuverndar* (2013) bls. 71
slóð: https://www.personuvernd.is/media/arsskyrslur/04_arsskyrsla_2013.pdf. Sótt: 21.02.1019]

8.3. *Birting dómsúrlausna á netinu*

Persónuverndarlögin taka til starfsemi dómstólasýslunnar en hinsvegar nær valdsvið Persónuverndar ekki til vinnslu dómstóla á persónuupplýsingum þegar þeir fara með dómsvald sitt. Þó svo að valdsvið Persónuverndar taki ekki til vinnslu dómstóla á persónuupplýsingum þegar þeir fara með dómsvald sitt þá hefur Persónuvernd talið að birting úrlausna dómstóla á netinu feli ekki í sér dómsathöfn. Birting persónuupplýsinga á netinu verði því að vera í samræmi við persónuverndarlög.²⁴²

Í ákvæði 2. mgr. 20. gr. dómstólalaga nr. 50/2016. mælir fyrir um að dómar Hæstaréttar skulu gefnir út ásamt þeim úrlausnum Landsréttar og héraðsdómstóla sem eiga við hverju sinni. Við útgáfu dóma skuli fjarlægja úr þeim allar upplýsingar sem tengjast einka-, fjárhags-, eða viðskiptahagsmunum einstaklinga og lögpersóna fyrir birtingu þeirra. Sama á við um upplýsingar sem tengjast öryggi ríkis og varnarmál sem eðlilegt er að leynt fari eftir reglum sem rétturinn setur. Um tilhögun útgáfu fer að öðru leyti eftir ákvörðun Hæstaréttar í samráði við dómstólasýsluna. Í athugasemd með 2. mgr. 20. gr. dómstólalaga kemur fram að markmið ákvæðisins sé að Hæstiréttur setji formlegar reglur sem yrðu birtar með þeim hætti að ljóst væri eftir hverju yrði farið þegar afmá þyrfti viðkvæmar persónuupplýsingar úr dómum áður en þeir væru birtir.²⁴³

Í reglum dómstólasýslunnar nr. 3/2018 um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu héraðsdómstólanna. sbr. 1. mgr. 38. gr. dómstólalaga nr. 50/2016. Er kveðið á um í 1. mgr. 1. gr. reglnanna að dómar og úrskurðir dómstólar skuli birtar á vefsíðu þeirra með þeim takmörkunum sem reglurnar mæla fyrir um. Í 2. mgr. 1. gr. reglnanna segir að í samræmi við meginregluna um opinbera málsmeðferð er með opinberri birtingu dómsúrlausna leitast við að koma á framfæri upplýsingum sem erindi geta átt við almenning og varpa um leið ljósi á starfsemi héraðsdómstólanna. Jafnframt er tilgangur birtingarinnar sá að miðla upplýsingum sem geta komið lögfræðingum og öðrum sérfræðingum að notum í störfum þeirra. Í 3. gr. reglnanna er kveðið á um þær takmarkanir á birtingu og að dómsúrlausn skuli ekki birt þegar um tiltekin mál er að ræða svo sem mál sem rekin eru samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 og barnaverndarlögum nr. 80/2002.

²⁴² Vefsíða Persónuverndar slóð: <https://www.personuvernd.is/einstaklingar/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/vinnsla-personuupplysinga-hja-domstolum> Sótt: 27.02.1019]

²⁴³ Athugasemd með 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2016. Frumvarp til laga um dómstóla. þskj. 1017, 615. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/145/s/1017.html>. Sótt: 27.02.1019]

Í 4. gr. reglnanna er m.a. kveðið á um almennt ákvæði um nafnleynd í sakamálum og í 1. mgr 5. gr reglnanna er kveðið á um þau atriði sem ber að afmá úr dómsúrlausnum og við útgáfu dóma skuli fjarlægja upplýsingar um einka-, fjárhags-, eða viðskiptahagsmuni einstaklinga. Í 2. mgr. 5. gr. reglanna segir að dómari verði að leggja mat á dóm eða úrskurð fyrir birtingu um hvort afmá eigi atriði úr úrlausninni í samræmi við áðurnefnd ákvæði og að gæta skuli að það sem eftir standi sé ekki hægt að tengja við þá hagsmuni sem ætlunin er ætlað að vernda. Að síðustu er kveðið á um í 3. mgr. 5. gr. reglnanna að afmá skuli kennitölur úr dómum og úrskurðum sem ætlað er að birta á netinu.²⁴⁴

Í eftirfarandi máli Persónuverndar hafði Hæstiréttur ekki afmáð viðkvæmar persónuupplýsingar úr dómi sínum fyrir birtingu þrátt fyrir skýr ákvæði í 1. mgr. 11. gr. þágildandi dómstólalaga nr. 15/1998.

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 28. september 2017 (2017/711)

Hæstiréttur hafði birt dóm í heild sinni á heimasíðu réttarins þar komu fram viðkvæmar persónuupplýsingar kvartanda. Þar var m.a. að finna upplýsingar um fjármál, örorku og sjúkrasögu allt voru þetta persónugreinanlegar upplýsingar. Taldi kvartandi að Hæstiréttur hefði brotið gegn æru hans og friðhelgi á heimildarlausan og ólögmætum hætti. Samkvæmt þágildandi dómstólalögum kom fram að afmá yrði upplýsingar um einka-, fjárhags-, eða viðskiptahagsmuni einstaklings fyrir birtingu þeirra. Persónuvernd taldi að umrætt ákvæði fæli í sér skyldu til að birta dóma Hæstaréttar en hinsvegar ekki heimild til að birta viðkvæmar persónuupplýsingar um heilsuhagi kvartanda. Að birting dómsins hefði haft sama gildi fyrir almenning þó svo að persónuauðkenni hefðu verið afmáð úr dómnum fyrir birtingu. Persónuvernd tók fram að Hæstarétti væri heimilt að birta dóma sína ef ekki væri unnt að rekja þá til tiltekins einstaklings. Við birtingu dóma verður að fjarlægja upplýsingar um einka-, fjárhags-, eða viðskiptahagsmuni einstaklinga sem eðlilegt er að fari leynt eftir þeim reglum sem rétturinn setur.

8.4. Varðveisla gagna

Mikið magn upplýsinga verður til í störfum stjórnvalda sem berast þeim með einum eða öðrum hætti sem leiðir til þess að upp koma álitamál um varðveislu þeirra og eyðingu.²⁴⁵ Í 158. formálslið reglugerðar (ESB) mælir fyrir um hvernig eigi að skýra reglur um vinnslu persónuupplýsinga vegna skjalavistunar. Þar kemur fram að opinber yfirvöld, opinberir aðilar og einkaaðilar sem halda skrár sem tengjast almanna hagsmunum beri skylda samkvæmt lögum aðildarríkis til að afla, varðveita, meta, skipuleggja, lýsa, veita upplýsingar um, kynna dreifa og veita aðgang að skráum sem

²⁴⁴ Reglur dómstólasýslunnar nr. 3/2018, Reglur um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu héraðsdómstólanna. slóð: <http://domstolasyslan.is/domstolasyslan/reglur/reglur-um-birtingu-doma-og-urskurda-a-vefsidu-heradsdomstolanna/>. Sótt: 27.02.1019]

²⁴⁵ Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson. (2016) *Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. Stjórnsmál & stjórnsýsla. 2. tbl. 12. árg. bls. 322.

hafa varanlegt gildi fyrir almannahagsmuni. Þar mælir einnig fyrir um að aðildaríkin eigi einnig að hafa heimild sem mælir fyrir um frekari vinnslu persónuupplýsinga vegna skjalavistunar. Slíkt dæmi um það er að finna í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (Hér eftir „ÞÍ“).

Í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn koma fram mikilvægar reglur sem lúta að skyldu stjórnvalda til að hafa skipulag á upplýsingum sem þau ráða yfir og varðveita.²⁴⁶ Lög um opinber skjalasöfn mæla fyrir um skyldu afhendingarskyldra aðila og samkvæmt þeim verða öll stjórnvöld landsins að varðveita skjöl sem verða til hjá þeim eða þeim berast og afhenda þau að ákveðnum tíma til opinbers skjalasafns til varanlegrar varðveislu. Þá hafa lög um opinber skjalasöfn einnig að geyma almenn ákvæði um rétt aðgangs að upplýsingum sem eru í varðveislu hjá opinberum skjalasöfnum sem hefur mikla þýðingu varðandi rétt borgaranna til aðgangs að þeim upplýsingum sem stjórnvöldum ber að varðveita.²⁴⁷

Ákvæði 1. gr. laga ÞÍ. mælir fyrir um markmið laganna en þeim er ætlað að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðaljósi. Ákvæðið felur í sér kröfu um skilvirka skjalastjórn og skjalavörslu þeirra sem heyra undir löggin til að tryggja þá mikilvæga hagsmuni sem um er að ræða sem felast í réttindum almennra borgara landsins, lögvörðum hagsmunum stjórnsýslu í landinu ásamt sögulegar upplýsingar og þekkingu sem mikilvægan þátt í grundvelli íslenskrar menningar.²⁴⁸ Af markmiðsákvæði 1. gr. laga um opinber skjalasöfn er ljóst að löggin geri ekki ráð fyrir því að öll skjöl sem verða til hjá afhendingarskyldum aðilum eða berast þeim falli undir gildisvið laganna og séu varðveisluskyld. Lög um opinber skjalasöfn gera einungis ráð fyrir því að varðveita þurfi þau skjöl sem hafa þýðingu í ljósi þeirra markmiða sem löggin stefna að. Í því sambandi verður líta til fyrirmæla laga nr. 1. mgr. 24. gr. um opinber skjalasöfn um hvernig eigi að taka ákvörðun varðandi varðveislu skjala annars vegar og um grisjun skjala hins vegar.²⁴⁹

²⁴⁶ Ibid.

²⁴⁷ Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson. (2016) *Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. Stjórnmal & stjórnsýsla. 2. tbl. 12. árg. bls. 323.

²⁴⁸ Athugasemd með 1. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, þskj. 403, 246. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altxt/143/s/0403.html>. Sótt á vefinn 25. 04.2019]

²⁴⁹ Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson. (2016) *Varðveisla gagna í stjórnsýslunni*. Stjórnmal & stjórnsýsla. 2. tbl. 12. árg. bls. 332

Lög um opinber skjalasöfn mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi bæði hjá ríki og sveitarfélögum.²⁵⁰ Ákvæði 1. tl. 1. mgr. 13. gr. ÞÍ. mælir fyrir um að hlutverk opinberra skjalasafna sé m.a. að taka við og innheimta skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem skipta máli fyrir stjórnarsýslu eða hagsmuni og réttindi borgarana eða hafa sögulegt gildi. Í 1. og 2. mgr. 14. gr. ÞÍ. er talið upp hvaða aðilar eru afhendingarskyldir samkvæmt lögnum sbr. fyrirmæli 4. mgr. 14. gr. þeirra um að afhenda opinberu skjalasafni skjöl sín í samræmi við ákvæði laganna. Meðal afhendingarskyldra aðila eru embætti Forseta Íslands, dómstólasýslan, stjórnarráð Íslands, sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum sem fara með stjórnarsýslu, sjálfseignastofnanir og lögaðilar sem að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera.

Ákvæði um afhendingarskyldu skjala er að finna í 1. mgr. 15. gr. ÞÍ. en þar mælir fyrir um að afhendingarskyld skjöl skuli afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Skjöl og gögn á rafrænu formi eru afhent að jafnaði eigi síðar en þau hafa náð fimm ára aldri. Í báðum tilvikum er tekið mið af síðustu innfærslu eða síðasta bréf afgreidds máls.

Hugtakið *skjal* er skilgreint í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. ÞÍ. þar mælir fyrir um að skjal sé hvers konar gögn, jafnvel rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar sem hafa orðið til eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunnar eða einstaklings. Skilgreiningin tekur til allra pappírsskjala og allra gerða rafrænna skjala þar á meðal gagnagrunna.²⁵¹ Framanagreint felur í sér að ákvæði laga um opinber skjalasöfn um varðveislu skjala eru bundin við þau skjöl sem hafa tengsl við starfsemi hins afhendingarskylda, hvað varðar stjórnvöld þá leiðir þetta til þess að einkaskjöl starfsmanna þ.m. tölvupóstar um einkamálefni falla utan löggjafarinnar um opinber skjalasöfn.²⁵²

Ákvæði 1. mgr. 24. gr. ÞÍ. mælir fyrir að óheimilt sé að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnun þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema að það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis. Samkvæmt ákvæði 1. og 2. mgr. 14. gr. ÞÍ. þá heyr

²⁵⁰ Vefsíða Þjóðskjalasafns Íslands. *Skjalavarsla og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa afhendingarskyldra til Þjóðskjalasafns*. bls. 8. slóð: https://skjalasafn.is/files/docs/skyrsla_sveitarfelog_2018_lokautgafa.pdf. Sótt á vefinn 25. 04.2019]

²⁵¹ Athugasemd með 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, þskj. 403, 246. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <https://www.althingi.is/altext/143/s/0403.html>. Sótt á vefinn 25. 04.2019]

²⁵² Kristín Benediksdóttir og Trausti Fannar Valsson. (2016) *Varðveisla gagna í stjórnarsýslunni*. Stjórnsmál & stjórnarsýsla. 2. töl. 12. árg. bls. 331.

stjórnvöld undir afhendingarskylda aðila og er þeim með öllu óheimilt að farga nokkru skjali nema með heimild Þjóðskjalavarðar. Þjóðskjalasafn Íslands setur sérstakar reglur skv. 3. tl. 8. gr. ÞÍ. um förgun skjala. Stjórnvöld eru bundinn lögum um að varðveita allar persónuupplýsingar sem þeim berast og samkvæmt því tekur rétturinn til eyðingar ekki til vinnslu stjórnvalda á persónuupplýsingum.²⁵³

Með frumvarpi til nýrrar persónuverndarlaga nr. 90/2018 sendi Þjóðskjalasafn frá sér umsögn þar sem töluverður misskilningur hafði verið innan stjórnvöldunar vegna ákvæðis 20. gr. persónuverndarlaga um eyðingu persónuupplýsinga. Misskilningurinn fólst í að aðilar innan stjórnvöldunar töldu að þeim væri skylt að eyða persónuupplýsingum sem hefðu myndast í starfseminni. Jafnframt var haldið að einstaklingar gætu óskað eftir eða látið eyða eigin persónuupplýsingum úr skjalasafni afhendingarskyldra aðila. Þar kom fram:

Mikilvægt er að þessi misskilningur á gildisviði laganna verði leiðréttur. Það getur valdið réttindum einstaklinga og stjórnvalda miklum skaða verði skjölum eytt án heimildar Þjóðskjalasafns úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila. Þess vegna er mikilvægt að í nýjum lögum sé kveðið á um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila gildi lög um opinber skjalasöfn og ekki sé heimilt að eyða gögnum úr skjalasöfnum þeirra með vísun í lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Það er mikilvægt að löggjöf skapi ekki misskilning sem getur orðið til þess að réttindi borgaranna, hagr stjórnsýslunar og saga íslensku þjóðarinnar verði fyrir borð með óheimilli eyðingu opinberra gagna.

Í umsögn um greinargerð sem varð að lögum nr. 90/2018 kom m.a. fram:

Rétt er að geta þess að vikið er að undanþágum vegna skjalavistunar frumvarpsins í 18. gr. frumvarpsins og ítarlega gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum í greinargerð, en m.a. er vikið að lögum nr. 77/2014 í greinargerð, um opinber skjalasöfn. Þá hefur starfshópurinn tekið tillit til ábendingar 15. gr. a. gildandi laga [nr. 77/2000] og hefur sambærilegt ákvæði verið fært í lokamálgrein 18. gr. frumvarpsins.

Mikilvæg samfélagsjónarmið geta hindrað eyðingu persónuupplýsinga sem varðveitt eru í skjalasöfnum þar á meðal með tilliti til sagnfræðirannsóknna þar sem markmið opinbers skjalasafns er ætlað að tryggja myndun, vörslu ásamt öruggri meðferð á opinberum skjölum með réttindum borgaranna, hagr stjórnsýslunar og varðveislu á sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.²⁵⁴

²⁵³ Vefsíða Persónuverndar. slóð: <https://www.personuvernd.is/einstaklingar/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/vinnsla-personuupplýsinga-hja-stjornvoldum>. Sótt á vefinn: 17.03.2019]

²⁵⁴ Um 3. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2018. Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 1029, 622. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. slóð: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1029.html>. Sótt á vefinn: 26.03.2019]

9. Niðurstaða

Stjórnvöld vinna með mikið magn af hverskyns persónuupplýsingum við opinber störf sín og verða þau að sækja valdheimildir sínar til laga til almennra laga sem Alþingi setur og staðfest eru af forseta eða handhafa forsetavalds með undirritun sinni. Sem leiðir að því að heimildir stjórnvalda verða almennt að byggjast á lagaskyldu sem hvílir á stjórnvaldi skv. 3. tl. 9. gr. pvl. eða vegna almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem stjórnvald fer með skv. 5. tl. 9. gr. pvl. og tekur sú lagaskylda einnig til stjórnvaldsúrskurða og dóma. Svo stjórnvöld megi vinna með persónuupplýsingar verða þau annað hvort að uppfylla eitthvert af heimildarákvæðum 9. gr. pvl. sem tekur til almennra persónuupplýsinga auk þess verður einhver ákvæði 11. gr. pvl. að vera uppfyllt ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða og að meginreglur 8. gr. pvl. virtar við vinnslu almennra og viðkvæmra persónuupplýsinga en þeim er ætlað að veita einstaklingum aukna vernd þannig að vinnslan sé unnin með lögsmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða og ekki sé unnið með meiri upplýsingar en það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og varðveislu annars telst vinnslan ólögsmæt.

Ábyrgðarskyldan er ný regla sem kom með reglugerð (ESB) samkvæmt þeirri skyldu verða stjórnvöld að ganga úr skugga um að fullnægjandi heimildir séu fyrir vinnslunni áður en vinnsla hefst og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja gagnsæi gagnvart hinum skráða svo hann geti neytt upplýsingarréttar síns, með því að taka mið af eðli og umfangi vinnslu og hver tilgangur vinnslu sé og meta áhættu fyrir réttindum og frelsi einstaklingsins. Persónuupplýsingar verða að takmarkast við það sem er nauðsynlegt miðað við tilgang vinnslu þannig að ekki sé unnið með meiri upplýsingar en þörf er á og þær séu ekki varðveittar lengur en þörf er á. Vinnsla persónuupplýsinga verður að vera í samræmi við grundvallarsjónarmið til friðhelgi einkalífs og verða löggin að kveða á um þá skyldu í réttu hlutfalli við það markmið sem stefnt er að og mega þau ekki innihalda viðtækari heimildir til vinnslu persónuupplýsinga en sem er nauðsynlegt til þess að ná tilteknu markmiði og kemur meðalhófsreglan sterkt inn við mat á þeirri vinnslu.

Lagaskylda stjórnvalds verður að samrýmast friðhelgi einkalífs 71. gr. stjórnarskrárinnar sem felur í sér að ekki sé heimilt að skerða friðhelgi einkalífs manns, heimilis eða fjölskyldu nema að brýn nauðsyn sé til vegna réttinda annarra sem felur í sér að lögsmætir hagsmunir ábyrgðaraðila verða að vega þyngra en grundvallarréttindi

og friðhelgi hins skráða. Einstaklingar njóta friðhelgi einkalífs og ekki er hægt að skerða þennan rétt nema að heimild sé í lögum sem heimili slíka skerðingu. Eftir því sem meira inngríp er í einkalífs fólks því mikilvægari verða þeir lögmetu hagsmunir að vera fyrir hendi sem réttlæta vinnslu í hverju tilviki fyrir sig. Vinnsla í þágu almannahagsmuna er þó háð samþykki persónuverndar skv. 31. gr. pvl. og er ekki heimil fyrr en Persónuvernd hefur gefið út sérstakt leyfi fyrir vinnslu þar sem slík vinnsla getur falið í sér sérstaka hættu að farið verði í bága við réttindi og frelsi hins skráða. Söfnun og úrvinnsla persónuupplýsinga getur verið þáttur í lögbundnu hlutverki stjórnvalds sem felst í því hlutverki sem stjórnvaldið gegnir samkvæmt lögum.

Stjórnvald ber ákveðna skyldu til þess að takmarka aðgang að þeim upplýsingum þegar ekki er lengur þörf á þeim til varðveislu í þágu málefnalegs tilgangs til þess að koma í veg fyrir skerðingu á friðhelgi einkalífs hins skráða þá annað hvort með því að aftengja persónuupplýsingar persónuauðkennum sínum með notkun eða með því að afhenda Þjóðskjalasafni persónuupplýsingar til varðveislu. Mikill misskilningur varð innan stjórnsýslunnar með tilkomu nýrra persónuverndarlaga þar sem nýtt ákvæði kom inn um eyðingu persónuupplýsinga, þar töldu aðilar innan stjórnsýslunnar að þeim væri skylt að eyða persónuupplýsingum sem hefðu myndast í starfseminni en förgun skjala er með öllu óheimil nema með heimild þjóðskjalavarðar þar sem að slík eyðing getur valdið einstaklingum og hinum opinbera miklum skaða.

Öll frumgögn sem verða til í opinberri stjórnsýslu verða opinberir aðilar að afhenda Þjóðskjalasafni til varðveislu sem eru 30 ára og rafræn gögn sem eru eldri en fimm ára með þessu er ætlað að tryggja réttarstöðu borgarana með varðveislu gagna á öruggann máta sem snúa að réttindum ríkis, sveitarfélaga og almennings. Aðgangstakmörkun þessara gagna lýkur að 80 árum liðnum frá því að skjölin urðu til en að 100 árum liðnum ef um sjúkraskrár eða heilsufarsupplýsingar nafngreindra manna er um að ræða. Ekki er heimilt að veita almenningi aðgang að gögnum sem snúa að fjárhags- eða einkamálefnum manna og gildir samskonar ákvæði í upplýsingalögum. Þó eru ákveðnar heimildir í sérlögum sem tryggja rétt manns til aðgangs að gögnum sem varða hans eigin hagsmuni t.d. í stjórnsýslulögum er finna heimild aðila að stjórnsýslumáli til þess að kynna sér gögn og önnur skjöl sem varða málefni hans og einnig er að finna ákvæði í upplýsingalögum um víðtækan rétt aðila til aðgangs að gögnum sem eru til meðferðar hjá ríki og sveitarfélögum en þó með ákveðnum takmörkunum sem varða aðgengi almennings að gögnum stjórnvalda sem innihalda einka- eða fjárhagsmálefni

einstaklinga sem þykir eðlilegt og sanngjarnt að fara leynt. Stjórnvöld leggja mat á hvaða einkamálefni það eru sem réttlæta undanþágu frá upplýsingalögum en stjórnvaldi getur verið erfitt að tilgreina nákvæmlega hvaða einkamálefni einstaklinga eigi að vera undanþegin frá upplýsingarétti og þá getur komið til reglna um þagnaskyldu sem koma í veg fyrir að upplýsingar séu veittar. Ákveðin upplýsingaskylda hvílir á stjórnvaldi að upplýsa almenning um störf stjórnslunnar þá með birtingu gagna eða að veita almenningi aðgang að að gögnum einstakra mála eða samantekt er varðar mikilvæg málefni innan stjórnslunnar með því markmiði að tryggja gagnsæi innan stjórnslunnar. Stjórnvald sem annast slíka birtingu verður að gæta þess að vinnslan samrýmist lögum sem hvílir á stjórnvaldi og gæta þess að fjarlægja allar þær upplýsingar sem tengjast einka- eða fjárhagsmálefnum einstaklinga samkvæmt heimildarákvæðum 9. gr. og 11. gr. sem og meginreglum 8. gr. persónuverndarlaga.

Ljóst er að samkvæmt framanverðu þá eru afar ströng skilyrði sem stjórnvöld verða að uppfylla svo þeim sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar. Einkalífsréttur einstaklinga er víða varinn í lögnum sem gefur einstaklingum aukna vernd til friðhelgi einkalífs en þó hafa stjórnvöld átt það til að ganga lengra en heimilt er með vinnslu persónuupplýsinga og birtingu þeirra þrátt fyrir skýrleika laganna og þeirrar vísireglu sem upplýsingalögin hafa að geyma um hvenær eigi að takmarka aðgang að upplýsingum sem varða einkahagsmuni einstaklinga. Eins og má sjá í *úrskurði persónuverndar 11. mars 2019 (2018/ 1514)* og í *úrskurði persónuverndar 28. september 2017 (2017/711)*.

10. Heimildarskrá

Útgefin rit

Alþingistíðindi

Björg Thorarensen. (2008). *Mannréttindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex

Björg Thorarensen. (2009). *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Björg Thorarensen. (2017). *Mannréttindasáttmáli Evrópu*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Ingvi Snær Einarsson. (2005). Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, skv. 1. mgr. 9. gr. nr. 77/2000. *Tímarit Úlfljóts*, 1. tbl.

Katrín Þórðardóttir. (2014). Myndvöktun. *Tímarit Úlfljóts*, 2. tbl.

Kjartan Gunnarsson. (1978). Friðhelgi einkalífs. *Tímarit Úlfljóts*, 3. tbl.

Kristín Benediktsdóttir og Trausti Fannar Valsson. (2016). Varðveisla gagna í stjórnsýslunni. *Stjórnmál & stjórnsýsla*. 2. tbl. 12. árg.

Ólafur Jóhannson (1952). *Lög og réttur*. Reykjavík: Minningarsjóður

Páll Hreinsson. (1996). *Upplýsingalögin– kennslurit*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið

Páll Hreinsson. (2003). Upplýsingaskylda ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða við söfnun persónuupplýsinga. *Tímarit lögfræðinga*, 1. tbl.

Páll Hreinsson. (2007). *Rafræn vinnsla persónuupplýsinga við meðferð stjórnsýslumála. 5. bindi*. Reykjavík: Lagastofnun Háskóla Íslands

Páll Sigurðsson. (1987). *Samningaréttur*. Reykjavík: Orator

Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex

Páll Sigurðsson. (2010). *Mannhelgi. Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex

Reynir Grétarsson. (1997). Meðferð persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni. *Tímarit Úlfljóts*, 2. tbl.

Sigrún Jóhannesdóttir. (2015). *Persónuverndarlög- skýringarrit*. Reykjavík: Fons juris

Trausti Fannar Valsson (2015). Upplýsingaréttur og þagnarskylda. *Stjórnmál & stjórnsýsla*. 2. tbl. 11. árg.

Þorgeir Örlygsson.(1997). Rökstólar meðferð persónuupplýsinga. *Úlfljótur*, 2. tbl.

Þórður Sveinsson (2003). Grunnreglur 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. *Tímarit Úlfljóts*. 3. tbl.

Puríður Björk Sigurjónsdóttir (2005). Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um meðferð og merðferð persónuupplýsinga. *Tímarit Úlfjós*. 1. tbl.

Vefheimildir

Vefsíða Alþýðusambands Íslands. <https://www.asi.is>

Vefsíða Evrópska Efnahagssvæðisins. <http://europa.eu>

Vefsíða Evrópusambandsins <http://eur-lex.europa.eu>

Vefsíða Evrópustofnunar grundvallamannréttinda. <https://fra.europa.eu>

Vefsíða Fjölmíðlanefndar. <https://www.fjolmidlanefnd.is>

Vefsíða Island. <http://www.island.is>

Vefsíða Morgunblaðsins. <http://mbl.is>

Vefsíða Persónuverndar. <https://www.personuvernd.is>

Vefsíða Ríkisendurskoðunar. <http://rikisendurskodun.is>

Vefsíða Samtaka verslunar og þjónustu. <https://www.svth.is>

Vefsíða Stjórnarráðsins. <https://www.stjornarradid.is>

Vefsíða Stjórnlagaráðs. <https://www.stjornlagarad.is>

Vefsíða Þjóðskjalasafn Íslands. <http://skjalasafn.is>

Lagaskrá

Lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Lög nr. 19/1940, um almenn hegningarlög.

Lög nr. 33/1944, um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála

Lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagsvæðið

Lög nr. 37/1993, um stjórnsýslulög.

Lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu

Lög nr. 97/1995, um stjórnskipunarlög.

Lög nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrum og fósturvísa til stofnfrumurannsóknna.

Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Lög nr. 71/1997, um lögræðislög.

Lög nr. 130/1999, um ættleiðingarlög.

Lög nr. 77/2000, um Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Lög nr. 80/2002, barnaverndarlög

Lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Lög nr. 46/2002, um Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Lög nr. 76/2003, um barnalög

Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar
Lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir
Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.
Lög nr. 55/2009, um sjúkraskrár.
Lög nr. 138/2011, um sveitarstjórn
Lög nr. 140/2012, um upplýsingalög.
Lög nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði
Lög nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn.
Lög nr. 50/2016, um dómstóla
Lög nr. 90/2018, um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Brottfallin lög

Lög nr. 63/1981, um skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni
Lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga
Lög nr. 15/1998, um dómstóla
Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
Lög nr. 53/1998, um læknalög

Reglugerðir

Reglugerð (EB) nr. 1338/2008, um hagskýrslur Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því hvað varðar tölfraeðigögn um dánarorsakir.
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016
Reglugerð nr. 235/2012, um upplýsingaskyldu framhaldskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.
Reglugerð nr. 3/2018, um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu héraðsdómstólanna.

Tilskipanir

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB frá 24. október 1995

11. Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Dómur Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003, í máli nr. 151/2003

Dómur Hæstaréttar frá 25. febrúar 1999, í máli nr. 252/1998

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

MDE, Leander gegn Svíþjóð, 26. mars 1987 (9248/81)

Dómar Evrópudómstólsins

Dómur Evrópudómstólsins frá 23. febrúar 2001, í máli nr. C- 101/01

Dómur Evrópudómstólsins frá 13. maí 2014, í máli nr. C- 131/12

Úrskurðir persónuverndar

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 23. febrúar 2009 (2008/881)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 16. desember 2009 (2009/635)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 18. janúar 2011 (2010/1046)

Álit stjórnar Persónuverndar 7. apríl 2011 (2011/377)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 22. júní 2011 (2010/1085)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 22. júní 2011 (2011/272)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 17. ágúst 2011 (2010/906)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 17. ágúst 2011 (2011/55)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar þann 30. mars 2012 (2012/96)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 5. júní 2012 (2012/193)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 22. júní 2012 (2011/1211)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 18. september 2013 (2013/339)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 13. mars 2014 (2013/1192)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 17. september 2014 (2014/952)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 3. nóvember 2015 (2015/241)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 30. maí 2016 (2016/182)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 28. september 2017 (2017/711)

Úrskurður stjórnar Persónuverndar 15. október 2018 (2017/1771)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 31. janúar 2019 (2018/831)

Ákvörðun stjórnar Persónuverndar 11. mars 2019 (2018/ 1514)

Álit 29. gr. Starfshópsins

Álit 29. gr. starfshópsins nr. 1/2010

Álit 29. gr. starfshópsins nr. 06/2014



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

